Áhugahópur um framtíð Hríseyjar

# Samantekt af málþingi og könnun

Hrísey

Mars 2014

**Skýrsluhöfundar:**

Hrund Teitsdóttir, Ingibjörg Þórðardóttir og Ingólfur Sigfússon

# Efnisyfirlit


Inngangur og samantekt ..... 3
Áhugahópurinn ..... 4
Staða ..... 6
Málþingið ..... 7
Grunngildi Hríseyjar ..... 8
Atvinnumál og byggðaþróun ..... 9
  Sjávarútvegur ..... 10
  Landbúnaður ..... 10
  Smáiðnaður ..... 11
  Heilsustofnun ..... 11
  Fjarvinna ..... 12
  Ferðaþjónusta ..... 12
  Ýmsar hugmyndir ..... 13
  Byggðaþróun ..... 14
Þjónusta við íbúa, heilbrigðis-, samgöngu- og umhverfismál. ..... 14
  Þjónusta við íbúa og velferðarþjónusta ..... 15
  Verslun - Júllabúð ..... 15
  Menntun ..... 15
  Umhverfismál ..... 16
  Samgöngur innan Hríseyjar ..... 17
  Samgöngur milli lands og eyjar ..... 17
  Samgöngur í landi ..... 19
Ferðaþjónusta og afþreying ..... 20
  Markaðssetning ..... 20
  Gistirými ..... 20
  Ráðstefnur og námskeið ..... 21
  Heilsutengd ferðaþjónusta ..... 21
  Þjónusta við ferðamenn ..... 21
  Afþreying ..... 22
Könnunin ..... 24
Niðurstöður ..... 25
Að búa í Hrísey ..... 27
Samgöngur ..... 31
Þjónusta ..... 32
Lokaorð ..... 36
Viðaukar ..... 37

# Inngangur og samantekt

Á haustdögum 2013 kom saman hópur fólks sem sameiginlega hefur mikinn áhuga á stöðu og framtíð Hríseyjar. Hópurinn hefur starfað undir heitinu *Áhugahópur um framtíð Hríseyjar* og fyrsta verk hópsins var að setja af stað opna netkönnun um ýmis málefni er varða þjónustu og búsetuskilyrði í eyjunni. Í framhaldinu var síðan haldið málþing um framtíð Hríseyjar. Hópurinn hefur í vetur unnið úr niðurstöðum könnunarinnar og málþingsins, þar sem af nógu er að taka og málefnin mörg. Þar sem sumar niðurstöður eiga beint erindi við ákveðin fyrirtæki, stofnanir og félög, þótti hópnum eðlilegast að senda formleg bréf til þessara aðila svo niðurstöðurnar skiluðu sér á rétta staði. Þessir aðilar geta þá farið yfir þau málefni sem þá varðar og séð hvort hægt sé að koma til móts við einhverjar tillögur sem fram komu. Með þessu vonast hópurinn til að vinnan muni skila sér sem best út í samfélagið því sumar hugmyndir er auðvelt að framkvæma. Afrit af öllum þeim bréfum sem send voru, eru birt í viðauka aftast í þessari skýrslu.

Í þessari skýrslu höfum við dregið saman þær hugmyndir sem fram komu í könnuninni og á málþinginu ásamt því að birta tölfræðilegar niðurstöður úr könnuninni. Við úrvinnslu lagði hópurinn áherslu á að halda til haga öllum hugmyndum og ábendingum sem rötuðu á blað hjá þátttakendum málþingsins og könnunarinnar. Í upphafi er farið yfir það hverjir standa að áhugahópnum og í hverju vinnan hefur falist fram að þessu. Því næst er farið yfir þær hugmyndir sem ræddar voru um grunngildi Hríseyjar. Þá eru niðurstöðurnar flokkaðar í samræmi við þær spurningar sem unnið var með og í hverjum flokki hefur hugmyndunum verið skipt niður í fleiri undirflokka eftir því sem viðeigandi þótti.

Í niðurstöðum um atvinnumál kom ítrekað fram að hlúa þyrfti vel að þeirri starfsemi sem þegar er í eyjunni auk þess sem áherslu ætti að leggja á nýtingu náttúrunnar og meiri vinnslu á náttúruafurðum eyjarinnar. Smáiðnaður og landbúnaðarstarfsemi af ýmsu tagi var áberandi í hugmyndum um uppbyggingu atvinnu. Varðandi þjónustu kom fram að leggja þyrfti meiri áherslu á að nýta og kynna betur þá þjónustu sem þegar er til staðar, til dæmis tíðar ferjusiglingar, leikskóla og að hér sé skóli upp í 10. bekk, nettengingu og það félagslíf sem hér er í boði. Ítrekað komu fram óskir um að læknir kæmi aftur reglulega til Hríseyjar og að hér yrði opnuð einhvers konar afgreiðsla fyrir lyf.

Varðandi samgöngumál kom fram vilji fólks til að samræma almennings samgöngur í landi betur við siglingar ferjunnar auk mikilvægi þess að hafa eina áætlun

allt árið. Fram kom, í samræmi við þá upplifun fólks að Hrísey sé náttúruperla, að í eyjunni þyrfti að fækka bílum og komu fram hugmyndir um eins konar „leigubíl“.

## Áhugahópurinn

Áhugahópurinn hefur starfað frá því um miðjan ágúst 2013 og unnið alla sína vinnu í sjálfboðavinnu frá þeim tíma. Tilgangur hópsins var og er að vinna að því að gera gott samfélag enn betra með því að vekja fólk til umhugsunar um hvað við höfum í Hrísey, hvað við viljum hafa og hvernig við sjálf verðum að vera virkir þátttakendur til þess að samfélagið geti dafnað. Hópurinn vill ýta undir jákvæðni með því að vera sjálf jákvæð, taka þátt í og hvetja til jákvæðrar umræðu og vekja athygli annarra á því hve gott það er að vera í Hrísey og leggja sitt af mörkum til að kynna eyjuna sem góðan búsetukost.

Á fyrstu fundum hópsins var strax rætt um að halda íbúafund sem svo var ákveðið að kalla málþing. Samhliða því var könnunin sett af stað en þar sem 100 manns voru búnir að svara henni áður en málþingið var haldið voru fyrstu niðurstöður hennar kynntar á sjálfu málþinginu. Þar tókum við saman nokkrar niðurstöður og punkta sem okkur þóttu vera áhugaverðir. Strax eftir málþingið hófst vinna við að skrá inn í tölvur og flokka allar þær hugmyndir sem skrifaðar voru niður á miða á málþinginu. Skiptum við yfirflokkum málþingsins með okkur og voru 2-3 saman með hvern flokk.

Vinnan við samantekt allra hugmynda og athugasemda málþings og könnunar, sem hér birtist í þessari skýrslu, var vægast sagt tímafrek. Samhliða þeirri vinnu voru ýmis mál könnuð og samband haft við ýmsa aðila og fyrirtæki. Var það meðal annars gert til að kanna nánar hugmyndir sem fram komu á málþinginu. Fulltrúar hópsins fengu að kynna fyrstu niðurstöður könnunarinnar og segja frá málþinginu á fundi sem haldinn var í Hrísey með Hverfisráði en þar mættu Eiríkur bæjarstjóri, Geir Kristinn bæjarfulltrúi, Þóroddur frá Byggðastofnun og Þorvaldur Lúðvík frá Atvinnuþróunarfélaginu. Hópurinn skrifaði pistil í Karrann, fréttabréf Ferðamálafélagsins sem gefið er út í desember, þar sem sagt var frá málþinginu, könnuninni og að niðurstöður yrðu kynntar. Einnig kynnti hópurinn sína vinnu á aðalfundi Hverfisráðs 5. febrúar og auglýsti um leið íbúafund sem haldinn verður 20. mars þar sem niðurstöðurnar verða kynntar.

Hópurinn hefur að jafnaði fundað vikulega, fyrir utan að í desember ákváðum við að taka okkur jólafrí. Haldnir hafa verið nokkrar vinnudagar um helgar þar sem við höfum getað unnið í lengri tíma í einu en á kvöldin.

Öll erum við búsett í Hrísey og fáumst á degi hverjum við margskonar verkefni, því auk þess að vera í vinnu, annast uppeldi barna og sjá um heimili starfa mörg okkar við félagsstörf af ýmsu tagi og sum okkar eru að auki í námi samhliða vinnu.

Þrátt fyrir miklar annir hefur hópurinn gefið fjölmargar vinnustundir í þetta verkefni og með óbilandi trú á framtíð Hríseyjar að leiðarljósi hefur hópurinn lagt þessa vinnu að mörkum, með gleði og kærleik í hjarta. Hópurinn vill vinna með íbúum að því að gera Hrísey að enn betri stað til að búa á og gera fjölskyldum kleift að búa og starfa hér um ókomna tíð.

Hrísey, mars 2014

Guðrún J. Þorbjarnardóttir
Hrund Teitsdóttir
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Ingibjörg Þórðardóttir
Ingimar Ragnarsson
Ingólfur Sigfússon
Júlíus Freyr Theodórsson
Linda María Ásgeirsdóttir
Þröstur Jóhannsson

## Staða

Mikil fólksfækkun hefur orðið í Hrísey undanfarin ár og hefur atvinnulífið ekki staðið nægjanlega styrkum fótum og hafa stóráföll dunið yfir með reglulegu millibili. Þessi staða ásamt brotthvarfi heillra fjölskyldna á haustmánuðum 2013 ásamt óbilandi trú okkar á því fallega samfélagi sem að þrifist hefur hér í Hrísey er ástæða þess að við sem hópur lögðum af stað í þessa miklu vinnu.

Mikilvægt er að horfa til framtíðar og þess sem koma skal og við getum haft stjórn á en ekki til þess sem liðið er og við fáum ekki breytt. Framtíðarsýnin þarf að vera skýr og við þurfum öll sem eitt að leggja okkar lóð á vogarskálarnar því að sameinuð stöndum við og sundruð föllum vér.

Við getum með þeim krafti og þeirri áræðni sem að í okkur býr náð langt og búið okkur og afkomendum okkar það samfélag sem að við viljum okkur og öðrum til handa.

Margar jákvæðar hugmyndir komu fram á málþinginu í öllum flokkum og er það auðlind sem vinna má úr til framtíðar. Fram kemur mikill vilji hjá utanaðkomandi aðilum á því að flytja til Hríseyjar og þegar við leggjum saman það fólk, þær hugmyndir sem komu fram og núverandi íbúa þá eigum við bjarta framtíð. Við megum aldrei gleyma því.

# Málþingið

Þann 14. september hélt hópurinn málþing um framtíð Hríseyjar í Íþróttamiðstöðinni þar sem rúmlega 60 manns komu saman. Góðar umræður sköpuðust í sex hópum sem hver hafði sinn hópstjóra. Lagt var upp með ákveðin umræðuefni í formi spurninga; grunngildi, atvinnumál, byggðaþróun, þjónusta, samgöngur, umhverfismál, ferðaþjónusta og afþreying. Í hópi gesta voru alþingismenn, bæjarstjórnarmenn, embættismenn innan Akureyrarbæjar, fulltrúar verkalýðsfélaga og áhugafólk um byggðina ásamt íbúum. Málþingið vakti mikla athygli og var fólk almennt ánægt með framtakið.

Fyrir málþingið hafði áhugahópurinn fundað nokkrum sinnum og velt því upp hvernig hægt væri að bregðast við þeirri fólksfækkun sem lá fyrir. Var ákveðið að snúa vörn í sókn og byrja á því að halda málþing eða íbúafund þar sem farið yrði yfir stöðuna og hvatt til þess að íbúar tækju þátt í að byggja upp enn betra samfélag.

Málþingið var haldið með svokölluðu þjóðfundarsniði sem byggist á hópavinnu undir skýrri verkstjórn og með skýrum markmiðum. Fengin var aðstoð frá Halldóru G. Hinriksdóttur sem komið hefur að skipulagi og verkstýringu á fleiri slíkum fundum. Í lok málþingsins voru niðurstöður hvers hóps kynntar í stuttu máli. Þær spurningar sem að unnið var útfrá voru valdar með það að sjónarmiði að ná yfir sem breiðast svið en samt á þann hátt að skýr áhersla héldist á kjarna vinnunar.

Samdóma álit þeirra sem að verkefninu komu var að ferðamál væru í nútímasamfélagi það stór þáttur að tileinka mætti þeim sérstakan kafla til hliðar við meginkaflann um atvinnumál.

Þær grunnspurningar sem unnið var með á málþinginu voru eftirfarandi:

- Hvaða grunngildi eiga að einkenna Hrísey?
- Á hvað viljum við leggja áherslu í atvinnumálum, byggðaþróun og samgöngum?
- Á hvað viljum við leggja áherslu í sambandi við þjónustu við íbúa, í heilbrigðismálum og umhverfismálum?
- Á hvað viljum við leggja áherslu í ferðaþjónustu, varðandi sumarhús og afþreyingu?

## Grunngildi Hríseyjar

Þar sem niðurstöður úr öllum flokkum og hópum urðu að mörgu leyti samhljóma niðurstöðum um hvaða grunngildi ættu að einkenna Hrísey verður hér byrjað á því að kynna þær niðurstöður. Það sem var mest áberandi varðandi niðurstöður úr grunngildahópnum, var hve ítrekað kom fram að fólk upplifir Hrísey sem rólega eyju sem einkennist af kyrrð, ósnortinni náttúru og heilbrigði. Þessi atriði komu ítrekað fram í hugmyndum fólks í, til að mynda atvinnumálum, og má segja að þau grunngildi sem fram komu á málþinginu séu rauður þráður í gegnum allar niðurstöðurnar og skýrsluna í heild sinni. Það er því mat áhugahópsins að þessi grunngildi þurfi að skoða vel og kanna hvort við í Hrísey viljum taka þessi grunngildi og vinna þau lengra og þá hvernig við getum unnið út frá þeim í því sem framundan liggur fyrir í okkar samfélagi.

Það sem einkenndi umræður hópsins var sú upplifun fólks að Hrísey hafi ákveðna sérstöðu, til dæmis með því að vera eyja með öllum þeim náttúruafurðum sem hér eru auk þess að hér sé skemmtileg blanda kyrrðar og nútímaþæginda og að mikilvægt væri að halda þessari sérstöðu. Dæmi um sérstöðu eru til að mynda allar þær dráttarvélar sem hér eru og hvað hér eru fáir bílar og kom fram hugmynd um að fækka hér almennum bílum og vera í staðinn með rafbíla.

Mikið var rætt um náttúru eyjarinnar og nauðsyn þess að hlúa vel að henni og því fjölbreytta fuglalífi sem hér er. Umræður voru um þær vottanir sem hér væri hægt að vinna að, líkt og gert hefur verið með hvönnina og að auka enn frekar umhverfisvitund fólks og að vinna betur með lífrænt samfélag og sjálfbærni. Í Hrísey er svo margt til staðar sem hægt er að vinna út frá í þeim efnum eins og að hér er hreint vatn og lítil ljósmengun. Það er því hægt að segja að áherslan hafi verið á samfélag í sátt við náttúru og umhverfi þar sem unnið væri út frá nýtingu náttúrunnar án átroðnings auk þess að leggja okkur fram um að hafa umhverfi okkar fallegt og snyrtilegt. Það hefur stundum verið talað um Hrísey sem Perlu Eyjafjarðar og hægt að segja að sú áhersla hafi verið ofarlega á baugi í hópnum. Rætt var um gera sögu eyjarinnar og jarðfræði hennar betur skil en nú er gert og má í kaflanum um ferðaþjónustu sjá hugmyndir þessu tengt.

Umræður sköpuðust einnig um grunngildi í samfélaginu sjálfu og hvaða þættir væru mikilvægir í því samhengi. Þar komu fram orð eins og jákvæðni, samstaða, gleði og gestrisni. Ítrekað kom fram sú nauðsyn að hlúa vel að því sem til staðar er í Hrísey, bæði náttúru, fólki og þjónustu, og að hvetja til jákvæðni í samfélaginu með því að tala fallega um eyjuna, íbúa hennar og gesti. Rætt var um mikilvægi þess að auka meðvitund fólks um þá ró og kyrrð sem hér er til staðar og hve gott það getur verið að njóta hér orkunnar

í afslöppuðu andrúmslofti og var orkulindin oft nefnd í því samhengi. Leggja ætti áherslu á samfélag okkar sem fjölskylduvænt, samheldið samfélags sem tekur vel á móti nýjum íbúum. Þessu öllu til viðbótar var rætt um mikilvægi þess að hafa trú á því samfélagi sem hér er.

Rætt var að nýta betur sérstöðu Hríseyjar, náttúruna og kyrrðina til þess að efla vitund um heilbrigði og hreysti og í því sambandi rætt um orkulindina og aðra þætti sem gera eyjuna okkar að þeirri náttúruperlu sem hún er.

Ef þessar umræður eru dregnar saman má því segja að áherslan í grunngildunum hafi verið sérstaða, náttúrufegurð, heilbrigði, kyrrð, jákvæðni og samheldni. Eins og fram kom hér að framan eru þessi hugtök rauður þráður í þeim hugmyndum sem fram komu í öllum hinum hópunum. Hugmyndir um þjónustu, atvinnumál, ferðaþjónustu og byggðaþróun fjölluðu margar hverjar um að nýta það sem hér er til staðar, hlúa að náttúrunni, nýta kyrrðina sem hér er og sérstöðuna og að við þurfum að standa saman til að þessar hugmyndir geti orðið að veruleika.

## Atvinnumál og byggðaþróun

Eitt af umræðuefnum málþingsins var framtíðarsýn og áherslur í atvinnumálum, byggðaþróun og samgöngum. Á málþinginu sköpuðust umræður um samgöngur í fleiri hópum og við úrvinnslu á niðurstöðum ákvað hópurinn að færa umfjöllun um samgöngur undir þjónustu og verður því gerð grein fyrir þeim niðurstöðum í næsta kafla.

Mikill áhugi var meðal þátttakenda að fjalla um atvinnumál í Hrísey og því voru tveir hópar skipaðir til að fjalla um þau mál. Í könnuninni var kafli um atvinnumál þar sem spurt var á hvaða sviði þátttakendur teldu að hægt væri að efla atvinnu í Hrísey. Ákveðið var að blanda þessum hugmyndum um atvinnumál öllum saman enda mikið um sömu hugmyndirnar, svo hér eru niðurstöður málþings og könnunar í atvinnumálum dregnar saman.

Ítrekað kom fram að hlúa þyrfti að þeim fyrirtækjum sem eru hér til staðar og hjálpa þeim að vaxa. Mikil áhersla var lögð á að heimamenn, sumarhúsaeigendur og ferðamenn þyrftu að nýta betur þá þjónustu sem í eyjunni er, með því til dæmis að versla meira í heimabyggð og styrkja þar með verslunina. Rætt var um samvinnu fyrirtækjanna sín á milli og að skapa þyrfti eftirsóknarvert umhverfi fyrir fyrirtæki. Þá

var bent á að auka þyrfti fjölbreytni í atvinnu fyrir alla aldurshópa. Þrátt fyrir miklar umræður komu því miður ekki fram markvissar hugmyndir um hvernig hægt væri að hlúa betur að eða styrkja fyrirtækin sem þegar starfa í Hrísey. En hins vegar komu fram margar hugmyndir að nýsköpun í atvinnu sem myndu auka fjölbreytileika í atvinnumálum Hríseyinga í framtíðinni og hér gerum við grein fyrir þeim niðurstöðum. Margoft komu fram áhersla á fullvinnslu á afurðunum sem eyjan getur gefið okkur.

## Sjávarútvegur

Þar sem sjávarútvegur er grunnatvinnuvegur í Hrísey er eðlilegt að miklar umræður hafi skapast um sjávarútveg og komu fram ýmsar hugmyndir um hann og aukna vinnslu á sjávarafurðum. Fyrst ber að nefna að ítrekað var rætt um að auka byggðakvóta og að styrkja Hvamm í þeirri vinnu sem þar fer fram nú þegar og efla útgerðina með kaupum á stórum bát og fá með honum aflaheimildir í gegnum Byggðastofnun.

Hugmyndir voru um að reyna að fjölga störfum og fá inn fjölbreyttari atvinnu við sjávarútveg, nýta rækjumiðin beint fyrir utan Eyjafjörð og selja þær á innanlandsmarkaði, efla smábátaveiði og hefja hér bláskeljarræktun, humar og rækjuvinnslu, kúfiskveiðar og -vinnslu. Rætt var um fullvinnslu á sjávarafurðum svo sem fiskibollur eða plokkfisk, að framleiða sérhæfðar sjávarafurðir frá Hrísey sem ef til vill mætti nota hvönn í. Því var velt upp hvort hefja mætti saltvinnslu úr sjó.

## Landbúnaður

Störf tengd landbúnaði voru nefnd í tengslum við atvinnuuppbyggingu í Hrísey. Nú þegar er nautabú í eyjunni þar sem holdagripir eru ræktaðir. Af stað hefur farið undirbúningur að hænsnabúi í húsnæði sem fyrir er, þar sem bæði yrðu ræktuð egg og kjúklingur frá búinu. Í undirbúningi er framleiðsla á kremum og uppi eru hugmyndir um frekari nýtingu á vottuðum jurtum.

Nokkrar hugmyndanna sem komu fram á málþinginu, varðandi ræktun og landbúnað, gætu skapað umhverfisvæn störf sem falla vel að þeirri sérstöðu sem Hrísey hefur skapað sér sem vistvæn og sjálfbær eyja. Jafnframt kom fram að markaðsetja matvælin með gæðavottun vegna hreinleika eyjarinnar.

Ýmsar vangaveltur voru uppi um fyrirtækið sem rekur nautabúið sem heitir *Holdi ehf*, meðal annars hvort hægt væri að fjölga gripum, vera með mjólkurkýr og geta þannig unnið og selt osta og aðrar mjólkurvörur. Rætt var um hænsnabúið í tengslum við

lífrænan landbúnað og hamingjusamar frjálsar hænur.

Margar hugmyndir komu fram um að efla enn frekar framleiðslu og þróun á heilsuvörum unnum úr gróðri eyjarinnar. Áhersla var lögð á fullvinnslu á vörum úr kerfli, þangi, hvönn og fleiri jurtum. Sem dæmi var nefnd framleiðsla á kremum, lyfjum, sápum, lúpínuseyði, hvannarrótar brennivíni og bjór.

Fjölbreyttar hugmyndir komu fram um matvælaiðnað þar sem hægt væri að nýta sér umhverfið, hreinleika og náttúrufegurð til markaðssetningar ásamt áherslu um vistvænar afurðir. Í eyjunni er nægt rafmagn og nóg af heitu og köldu vatni svo hægt er að fara í ýmsa ræktun t.d. í gróðurhúsum eða ylrækt. Rækta mætti grænmeti fyrir lífrænan markað eða til sölu á almennan markað. Nefnt var að tína villta sveppi og þurrka þá en svepparækt er einnig möguleg í hvaða húsnæði sem er og er töluverð eftirspurn eftir þurrkuðum sveppum.

Hægt væri að taka þá matjurtargarða sem eru í eyjunni á næsta stig og rækta kartöflur, rófur, gulrætur og fleiri tegundir til að selja í búðinni og jafnvel víðar. Rækta mætti vottaðan rabbarbara og fullvinna afurðina eða selja ferskan og þá geta berin skapað verðmæti, hvort sem þau eru seld fersk, sultuð, þurrkuð eða fryst.

### Smáiðnaður

Ýmislegt var nefnt varðandi smáiðnað. Mikið var rætt um að efla hann og þar var nefnt að koma á fót sælgætisgerð, rækta eða nýta sjávarfang (ígulker, krabba og krækling) sem hágæða lúxusvöru. Í slíkum umræðum kom enn og aftur fram sú áhersla að nýta það hráefni sem til er í eyjunni. Þá kom fram hugmynd um að framleiða metangas.

### Heilsustofnun

Margar hugmyndir tengdust því að setja á fót einhverskonar heilsustofnun í eyjunni þar sem gert yrði út á sérstöðu Hríseyjar með tilliti til kyrrðarinnar, orkustöðvarinnar, hreina loftsins, einangrunarinnar og matvæla úr heimabyggð. Ýmsir hópar voru nefndir sem mögulega gætu nýtt sér slíka þjónustu og væri hægt að útfæra ýmist sem skammtíma- eða langtímadvöl.

- Skammtímavistun fyrir fatlaða
- Endurhæfing af einhverju tagi svo sem umönnun fyrir þá sem þurfa á tímabundinni aðhlynningu að halda, svo sem fyrir þá sem glíma við offitu,

þunglyndi eða þá sem þurfa á kyrrð og aðhlynningu að halda til að ná áttum í lífinu.

- Barnastarf af ýmsu tagi, svo sem sumarbúðir eða verkefnavikur tengdar náttúrunni og fleira heilsutengt.
- Dagskrá fyrir eldri borgara eða öryrkja, sem mætti vera með áherslu á hreyfingu og útivist.

Með því að bjóða upp á fjölbreytta þjónustu fyrir margskonar mismunandi hópa væri mögulega hægt að búa til störf á heilsársgrundvelli og hugsanlega störf fyrir starfsfólk úr heilbrigðisgeiranum, svo sem iðjuþjálfa, hjúkrunarfræðinga og sjúkraþjálfara.

## Fjarvinna

Fjarvinna kom mikið við sögu, bæði á málþinginu og í könnuninni. Ítrekað var bent á þá ónýttu möguleika sem felast í fjarvinnu og þar með hugsanlegum störfum í Hrísey í framtíðinni þar sem mörg störf eru þess eðlis að mögulegt er að sinna þeim hvaðan sem er með því að vinna þau yfir internetið. Nefnd voru störf við rafræna fræðslu, þjónustuver fyrir opinberar stofnanir, netþjónustu, umsjón vefmála, vefhönnun, listamenn, hönnuði, símsvörun, innheimtu, gagnaskráningar t.d. fyrir söfn og hvers kyns skrifstofuvinnu þar sem fjarvinna er möguleg. Nettengingin í Hrísey í dag býður upp á að vinna ýmis störf í fjarvinnu en með tilkomu ljósleiðara gæti þeim störfum fjölgað enn frekar.

Nefnt var að Akureyrarbær myndi horfa til Hríseyjar með því að efla skrifstofuna en í dag er bærinn með 50% starf á bæjarskrifstofu í Hrísey, þar sem starfsmaður vinnur ýmis störf í fjarvinnu, ásamt þjónustu við íbúa Hríseyjar.

## Ferðaþjónusta

Ýmsar hugmyndir tengdust ferðaþjónustu en þar sem margar þeirra tengjast saman við afþreyingu ákváðum við að fella þann hluta saman í kaflanum *Ferðaþjónusta og afþreying*.

## Ýmsar hugmyndir

Ýmsar fleiri hugmyndir komu fram er varða atvinnumál en falla ekki endilega undir einn flokk frekar en annan. Þessar hugmyndir fjalla meðal annars um mikilvægi þess að vera sýnileg og hvaða leiðir er mögulega hægt að fara í því skyni að styrkja hér atvinnu. Sumar hugmyndanna snúa að fræðslu sem hægt væri að bjóða upp á í Hrísey og aðrar að nýstárlegri nýtingu náttúrunnar. Fleiri var nefnt varðandi atvinnumál og bent á mikilvægi samvinnu og áhuga heimamanna í því sambandi.

- Fram kom hugmynd um að hægt væri að kynna sér hafnarbæi á Norðurlöndunum til að sjá allskyns smáatriði sem auðveld væru í framkvæmd til að auka áhuga fólks á að koma til eyjarinnar.
- Rætt var um að fá Akureyrarbæ í lið með okkur um að bjóða öldruðum upp á „reynslutíma“ á heimilishjálp, því atvinna myndi skapast af því ef eldri borgarar í Hrísey myndu nýta sér heimilishjálp sem þeim stendur til boða. Líklega þykir fólki það erfitt skref að taka að þiggja slíka aðstoð, en mögulega gæti aukin kynning á þjónustunni og það að bjóða upp á reynslutíma, auðveldað þeim þetta skref.
- Hugmynd var um að setja á laggirnar fugla- og fiskasafn sem mögulega mætti nýta sem skólabúðir yfir vetrartímann.
- Fram komu hugmyndir um háskólasetur þar sem hægt væri að fara í samstarf við háskóla og bjóða upp á starfsnám til dæmis fyrir nema í náttúrufræðum. Nefnt var að setja mætti á fót lýðháskóla sem brú milli framhaldsskóla og háskóla.
- Uppbygging sniðin eftir hugmyndinni „sjávarþorp upp á gamla mátann“
- Víngerð var ein hugmynd sem nefnd var.
- Setja upp vindmyllur og sólarrafhlöður til að búa til rafmagn, gera eyjuna meira sjálfbæra.
- Fram kom hugmynd um að stofna þróunarfélag sem leitar uppi tækifæri fyrir samfélagið.

Nefnt var að ýmiskonar þjónusta við ferðamenn gæti skapað atvinnu svo sem siglingar, verslun, hönnun, handverk og sjóstöng en til þess að fá fleiri ferðamenn til Hríseyjar væri nauðsynlegt að lækka verð í ferjuna. Í því samhengi var bent á að vegna þess hve frakt til og frá eyjunni er dýr þá borgi sig ekki að setja einhverja framleiðslu í gang þar

sem greiða þyrfti fyrir flutning á hráefni til eyjarinnar og svo aftur fyrir flutning afurðar frá eyjunni. Því sé mikilvægt að nýta betur það sem eyjan hefur upp á að bjóða og fullvinna það. Þá þurfti einungis að greiða fyrir flutning frá eyjunni.

### Byggðaþróun

Helstu skoðanir manna um byggðaþróun tengdust því hvernig byggðin í Hrísey mun þróast í framtíðinni, sem íbúabyggð og orlofs- og sumarhúsahúsabyggð þar sem hagsmuna allra er gætt. Ljóst er að þetta umræðuefni er afar viðkvæmt en er tilkomið þar sem hagsmunir og þarfir þeirra sem hingað koma til skammtímadvalar í orlofshúsum fara ekki alltaf saman með hagsmunum og þörfum íbúa sem hér búa allt árið um kring. Nefnt var að mikilvægt væri að orlofs- og sumarhúsabyggðin byggðist á því svæði á austurhluta eyjarinnar sem í dag er skilgreint sem frístundabyggð, en ekki í miðju þorpinu. Þetta málefni kom líka fram í könnuninni þar sem nefnt var að settur yrði *sumarhúsakvóti*, þ.e. að ekki megi selja húsnæði sem er á skipulögðu íbúðarbyggðasvæði til frístundanota. Til að hvetja til frekari uppbyggingar á austurhluta eyjarinnar var nefnt að lækka þurfi lóðaverð á því svæði, til að snúa þeirri þróun við að fjöldi íbúðarhúsa í þorpinu séu notuð sem sumar- eða orlofshús sem leigð eru út til skamms tíma í senn. Fram kom að hægt væri að athuga áhuga félagasamtaka á að byggja upp sumarbústaðabyggð í Hrísey.

Aðrar umræður um byggðaþróun voru um tengingu atvinnumála í eyjunni og þróun byggðar. Mikilvægt er að efla atvinnu í Hrísey því fjölbreytt atvinnulíf er undirstaða byggðaþróunar. Með aukinni atvinnu geta fleiri haft fasta búsetu í eyjunni og þar með eflist verslun og notkun á þjónustu, starfsmannaþörf við skólann eykst o.s.frv. Nánari hugmyndir um byggðaþróun, þ.e. hvað er hægt að gera til að fjölga íbúum Hríseyjar, má sjá í kaflanum um niðurstöður könnunarinnar.

## Þjónusta við íbúa, heilbrigðis-, samgöngu- og umhverfismál.

Eitt umræðuefni málþingsins bar yfirskriftina *Þjónusta við íbúa, heilbrigðis- og umhverfismál*. Rætt var um á hvað leggja ætti áherslu varðandi þessi mál og í tengslum við þjónustu við íbúa kom skýrt fram að hlúa þyrfti að allri grunnþjónustu sem krafist er í nútíma samfélagi. Miklar umræður sköpuðust um samgöngur þegar rætt var um þjónustu og því verður gert grein fyrir niðurstöðum úr samgöngumálum hér í þessum

kafla. Þar sem mikil svörun var í könnuninni um samgöngumál og svörin sambærileg, var ákveðið að vinna niðurstöður af málþinginu og úr opnum svörum um samgöngumál í könnuninni saman.

### Þjónusta við íbúa og velferðarþjónusta

Í tengslum við þjónustu var talað um að hlúa að allri grunnþjónustu sem þarf í nútíma samfélagi. Þá var rætt um að kortleggja þá þjónustu sem við höfum í Hrísey og kanna þörf og/eða áhuga eyjaskeggja á frekari þjónustu. Minnst var á betra aðgengi að stjórnsýslu og í því samhengi að kynna mætti Hverfisráðið betur sem millilið íbúa við Akureyrarbæ. Velferðarmál voru mikið rædd og helstu niðurstöður voru þær að tryggja þyrfti örugga sjúkraflutninga og byggja upp þekkingu heimamanna á sviðum er varða heilbrigðisþjónustu, sjúkraflutninga og slökkvilið. Mikil krafa var um að fá lækni aftur í Hrísey og að hann kæmi í hverri viku sem og óskir um að lyf, lausasölulyf og aðrar *apóteksvörur* verði afgreiddar í Hrísey. Þá kom fram að efla þyrfti þjónustu við aldraða í tengslum við næringu, heilsu og samskipti. Upp komu hugmyndir eins og að eldri borgarar gætu keypt sér máltíðir á niðurgreiddu verði, gætu stundað skipulagða heilsurækt undir leiðsögn þjálfara og að heimilishjálp yrði aftur kynnt fyrir eldri borgurum.

### Verslun - Júllabúð

Nokkrar hugmyndir að bættri þjónustu Júllabúðar komu fram á málþinginu. Margsinnis kom fram sú hugmynd hvort Júllabúð gæti boðið upp á "leigubíl" til að flytja fólk og farangur til og frá ferju. Hugmyndin var tvíþætt, annars vegar að auka þjónustu við heimamenn, sumarbústaðaeigendur og ferðamenn og hins vegar sem leið til að fækka bílum í Hrísey. Hugmynd kom fram um að Júllabúð myndi bjóða upp á pöntunarþjónustu, en sú þjónusta er nú þegar til staðar. Því mælum við með að sú þjónusta verði markaðssett betur. Áfengisverslun í tengslum við rekstur búðarinnar var nefnd og hvort Júllabúð gæti farið í samstarf við apótek, þannig að þjónusta frá apóteki væri til staðar innan Hríseyjar.

### Menntun

Niðurstöður Málþingsins varðandi Hríseyjarskóla voru fjölbreyttar. Fram kom að Hríseyjarskóli væri góður skóli og að þar sé jákvæður skólabragur. Kom fram að

Hríseyjarskóli mætti vinna betur að því að kynna skólann og stefnumörkun hans og sýna fram á að þetta er góður skóli þar sem hver og einn einstaklingur fær að njóta sín. Skólinn mætti nýta sér fámennið betur, starfa sem ein heild (grunn- og leikskóli) og tvinnast betur inn í nærsamfélagið. Einnig var minnst á að efla mætti umhverfisvitund og náttúrufræðikennslu í skólastarfinu með því að ganga lengra í tengingu við heimabyggð og náttúrulíf Hríseyjar.

Það kom fram hugmynd um hvort bjóða mætti eldri borgurum Hríseyjar að borða í mötuneyti Hríseyjarskóla.

Nefnt var hvort bjóða mætti upp á fjarkennslu ekki einungis fjarnám því með þeim hætti væri hægt að bjóða unglingum Hríseyjar upp á að stunda framhaldsskólanám í heimabyggð a.m.k. til 18 ára aldurs og þurfi ekki að flytja að heiman 16 ára. Hægt væri að kynna nemendum markvisst fyrir þeim möguleika að búa áfram hjá foreldrum sínum í Hrísey og nota almenningssamgöngur til að komast í framhaldsskólann og til baka seinni partinn. Þá var rætt um að hægt væri að auka þjónustu við íbúa með því að bjóða upp fleiri námskeið fyrir fullorðna t.d. í tölvufræðum.

## Umhverfismál

Niðurstöður sem varða umhverfismál voru afar fjölbreyttar en helstu málefni voru sorpmál, gönguleiðin upp á ey, sláttur kerfils og uppbygging *Hátíðarsvæðisins*.

Varðandi sorpmál þá var mikil krafa um að byggt yrði í kringum gáma- og grenndarstöðvar í Hrísey líkt og gert hefur verið á Akureyri og staðsetning þeirra athuguð. Gera þarf olíuportið snyrtilegra, aðkomu að Sandshorni (ofan ferjubryggju) fallegri og byggja upp *Hátíðarsvæðið* okkar með það í huga að gera það snyrtilegt til áningar. Þá kom ítrekað fram að fjarlægja þyrfti ónýt ökutæki við höfnina og gera bílastæði þar snyrtilegri.

Talað var um að fá moltugerðina aftur í gang í Hrísey og að Hríseyingar yrðu öðrum til fyrirmyndar í endurnýtingu og sjálfbærni. Minnst var á að hirða þyrfti óbyggð svæði í Hrísey, rækta upp gömul tún og nýta, að umhverfið í kringum Áhaldahúsið yrði snyrt og að umhverfið í kringum stofnanir Akureyrarbæjar yrði öðrum til fyrirmyndar í framtíðinni. Minnst var á að skipulega þyrfti að eyða vargfugli og áminning um að virða verndun á friðuðum fuglum í Hrísey.

Miklar umræður sköpuðust um mikilvægi þess að reyna að hefta frekari útbreiðslu lúpínu, kerfils og hvannar og ábendingar komu fram um að Akureyrarbær þyrfti að byrja fyrr á sumrin að slá kerfil en nú er gert. Rætt var um mikilvægi þess að

grisja skóginn við aðal gönguleiðina upp á ey og gera hana færa fyrir einstaklinga í hjólastólum, fólk með barnavagna o.s.frv.

### Samgöngur innan Hríseyjar

Niðurstöður sneru meðal annars að vistvænni samgöngum, ökutækjum við höfnina og akstri utan vegar. Margar hugmyndir komu fram um það hvernig hægt væri að draga úr bílaumferð, umferðahraða og að mikilvægt sé að íbúar fari eftir umferðarreglum. Hugmyndir voru um að breyta öllum götum í Hrísey í vistgötur og setja upp hraðahindranir. Rætt var um að gera þyrfti samgöngur innan Hríseyjar vistvænni og tengdust margar þeirra þeirri ímynd sem eyjan hefur skapað sér sem hrein eyja og náttúruperla. Hugmyndir komu fram um fækkun ökutækja, sem leiðir af sér minni umferð, notkun rafmagnsskutla eða -bíla, og bjóða upp á þjónustubíl í tengslum við ferjuna, þar sem margir telja ferjuna og bæjarferðir með farangur helstu ástæðu þess að þeir eigi bíl í Hrísey. Nefnt var að skoða þurfi vandlega hvaða þróun er á fjölgun bifreiða í eyjunni og hvaða stefnu á að marka í því sambandi.

Ábendingar komu fram um akstur utan vegar og á gönguleiðinni. Einnig kom fram ábending um að malbika þurfi Austurveginn.

### Samgöngur milli lands og eyjar

Miklar umræður voru um ferjuna bæði á málþinginu og í könnuninni. Helstu málefni voru áætlun og verðskrá ferjunnar. Jafnframt kom fram að einhvernvegin þurfi að koma því betur að hjá fólki hvað það eru miklar og góðar samgöngur milli lands og Hríseyjar og að íbúar Hríseyjar búi ekki við eins mikla einangrun og margir halda. Slík umfjöllun myndi opna augu margra fyrir Hrísey sem búsetukosti, en ekki síður efla ferðamannastrauminn.

Mikið var rætt um ferjuáætlunina en til útskýringar má nefna, að tvær áætlanir eru hjá ferjunni yfir árið, sumaráætlun annars vegar (1. mars - 31. október) og vetraráætlun hins vegar (1. nóvember - 28. febrúar). Á vetraráætlun eru ferðir sem á sumaráætlun fara frá Hrísey kl. 15 og 17 sameinaðar í eina ferð sem fer kl. 16. Svokallaðar upphringiferðir, ferðir sem panta þarf fyrirfram og greiða aukalega fyrir, eru fyrstu ferðir um helgar allt árið, kl. 7 á laugardögum og 9 á sunnudögum, og síðustu ferðir kl. 23 yfir vetrartímann eða á tímabilinu frá 1. september - 31. maí. Af þessu má

sjá áætlun ferjunnar eða útfærsla á upphringiferðum breytist fjórum sinnum á ári, sem margir gerðu að umtalsefni og töldu ruglandi.

Margir nefndu að best væri að einfalda ferjuáætlanir, tryggja stöðugleika og helst hafa eina áætlun fyrir allt árið. Slæmt væri að sameina ferðir á vetraráætlun í ferð kl. 16 þar sem að það henti þeim sem vilja sækja sér menntun, vinnu eða félagsstörf í land mjög illa að áætlunin breytist á miðri önn. Þar að auki sé erfitt að fá þjálfara úr landi á íþróttaæfingar í Hrísey vegna breytingu ferjuáætlunar. Ef ekki er unnt að verða við því að hafa eina áætlun, var nefnt að hentugra væri ef vetraráætlun yrði annað hvort fyrir eða eftir áramót en ekki skipti á „miðri önn“ eins og þetta er núna.

Nefnt var að slæmt sé að ferjan skuli ekki sigla kl. 7 á morgnana á rauðum dögum, það komi sér illa fyrir fólk sem þarf að fara í land vegna vinnu á þeim dögum. Margir nefndu upphringiferðirnar, að 9 ferð á sunnudagsmorgnum verði föst á áætlun og að 11 ferjan á kvöldin þurfi að vera allt árið, ekki sem upphringiferð. Þá er spurning hvort nauðsynlegt sé að innheimta aukagjald fyrir upphringiferðir, þó svo að panta þurfi þær sérstaklega.

Varðandi verðskrá kom fram að það sé frábært að heimamenn skuli fá frítt í ferjuna og tryggja þurfi að þannig verði það áfram. Margir nefndu að afnema þurfi ferjugjöld fyrir hina sem ekki fá frítt í dag. Voru margir á því að það væri of dýrt í ferjuna og að finna þurfi leiðir til að lækka fargjaldið. Nefnt var að koma þyrfti til móts við sumarhúsaeigendur varðandi ferjugjöld, helst að sumarhúsaeigendur njóti sömu kjara og íbúar. Óskir voru um að fleiri greiðslumöguleikar yrðu í boði, til dæmis að boðið yrði upp á hópafslátt og fjölskylduafslátt og að boðið yrði upp á afsláttarkort með færri miðum en nú er gert.

Fram kom í könnuninni að fólk sé farið að setja það fyrir sig að koma til Hríseyjar vegna þess hve dýrt er í ferjuna. Fyrir ein hjón kostar í dag 3.000 kr að skreppa til Hríseyjar og ef þau myndu vilja vera lengur en til kl. 21 þyrftu þau að borga aðrar 3.000 krónur til að komast aftur í land. Einhverjir sögðust af sömu ástæðu finna fyrir því að ættingjar sínir og vinir kæmu sjaldnar í heimsókn nú en áður.

Umræður og athugasemdir voru varðandi endurnýjun á ferjunni, að hún þyrfti að vera hraðskreiðari og fljótari í förum og þá var nefnt að auka mætti þjónustulund starfsmanna og talið að oft væri ansi djúpt á henni. Ein hugmynd var að útbúa þyrfti búnað fyrir farangur farþega svo hægt yrði að hífa hann um borð. Nefnt var að bæta þyrfti aðbúnað í ferjunni fyrir dýr og útbúa mætti minni geymslur til dæmis fyrir skíði. Nefnt var að mikilvægt er að gott samstarf sé á milli allra aðila í ferðaþjónustu í eyjunni.

Eins og fram kom hér að ofan var nefnt að ganga þurfi frá samningum við rekstraraðila ferjunnar varðandi sjúkraflutninga og bakvaktarskyldu þar sem þetta er ekki samningsbundið sem stendur. Þá nefndi einhver hvort koma mætti á samgöngum beint til Dalvíkur og Grenivíkur.

### Samgöngur í landi

Töluvert var rætt um samgöngur í tengslum við áætlun Hríseyjarferjunnar Sævars og tengingu við áætlun Strætó. Í dag er staðan þannig að engin rúta frá Strætó fer niður á Árskógssand heldur stoppar hún á afleggjaranum við Ólafsfjarðarveg og eru um 2 kílómetrar í ferjuna. Það er álit manna að til að efla búsetuskilyrði og ferðaþjónustu í eyjunni sé mikil þörf á að bæta þessar almenningssamgöngur. Tengja þarf eyjuna betur við atvinnusvæðið þannig að samgöngur séu sem allra minnst hamlandi þeim sem sækja vinnu utan eyjunnar og gerir þeim sem ekki eiga bíl kleift að búa í eyjunni. Í þessu samhengi komu fram athugasemdir um að bjóða upp á samræmdar ferðir a.m.k. tvisvar á dag, morgun og seinni part þannig að hægt væri að sinna til dæmis vinnu, skóla og tómstundum á daginn. Margir nefndu að það skorti viðunandi aðstöðu fyrir farþega við höfnina, biðskýli með salerni sem verndar farþega og farangur þeirra fyrir vindi og úrkomu. Þá var nefnt að merkja þurfi betur Hrísey við þjóðveg 1 (Dalvíkurafleggjarann) og sömuleiðis við afleggjara af Ólafsfjarðarvegi að Árskógsströnd, til að auðvelda ferðamönnum að rata til Hríseyjar.

## Ferðaþjónusta og afþreying

Margar hugmyndir sem komu fram varðandi ferðaþjónustu og afþreyingu tengdust að vissu leyti atvinnumálum, þar sem sumar af þeim hugmyndum geta verið atvinnuskapandi. Fram kom að markaðssetja mætti Hrísey betur sem ferðamannastað. Ýmsar hugmyndir komu fram um hvernig mætti fá ferðamenn til að dvelja lengur í eyjunni sem og að nýta mætti betur ferðamannastraum til landsins yfir vetrartímann.

### Markaðssetning

Margir nefndu að markaðssetja þyrfti Hrísey betur og að skilgreina þurfi markhópa og kynningarleiðir með það að markmiði að ná til markhópanna á sem bestan hátt. Ítrekað kom fram sú skoðun fólks að leggja eigi áherslu á að markaðsetja sérstöðu eyjarinnar, ásýnd hennar og hreinleika, sem samræmist vel niðurstöðum um grunngildi. Notkun samfélagsmiðla var nefnd í þessu samhengi en einnig að mikilvægt væri að viðhalda vefsíðu Ferðamálafélagins, *www.hrisey.net,* sem öflugri vefsíðu með nauðsynlegum og nytsamlegum upplýsingum fyrir gesti og íbúa eyjarinnar.

Á málþinginu kom fram að bæta mætti upplýsingagjöf með upplýsingamiðstöð og að gestir þyrftu að geta leitað upplýsinga einhversstaðar um hvað hægt sé að gera í Hrísey. Þar sem Ferðamálafélagið rekur nú þegar upplýsingamiðstöð þarf að athuga hvort markaðssetja þyrfti þá þjónustu betur og hafa þar meira áberandi hvaða afþreying er í boði. Sömuleiðis mætti nýta upplýsingatöfluna í Júllabúð. Nefnt var að auglýsa og kynna þyrfti betur allt það sem Hrísey hefur upp á að bjóða, til að mynda hversu góðar samgöngur eru milli lands og eyjar ásamt valkostum varðandi mat og gistingu.

Eins og fram kom í kaflanum um samgöngur var nefnt að merkja þyrfti Hrísey betur inn á þjóðveg 1, við Dalvíkurafleggjarann, og sömuleiðis við afleggjara af Ólafsfjarðarvegi að Árskógsströnd, til að auðvelda ferðamönnum að rata til Hríseyjar. Umræður voru um merkingar innan eyjarinnar og að endurvinna mætti upplýsingaskiltin á merktum gönguleiðum og jafnvel fjölga þeim, til dæmis væri hægt að tvinna inn í sögu Hríseyjar frá landnámi til dagsins í dag. Þá mætti litamerkja gönguleiðir um eyjuna og jafnvel merkja inn örnefni.

### Gistirými

Það er vöntun á gistirýmum allt árið um kring í Hrísey, sérstaklega til að taka á móti hópum, og voru hugmyndir uppi um að starfrækja gistiheimili eða hótel. Fram kom að

koma þyrfti á laggirnar netsíðu með upplýsingum um alla gistimöguleika í eyjunni, svo hægt yrði á einum stað að nálgast upplýsingar og panta þá gistingu sem er til staðar. Þá var nefnt að efla þyrfti tjaldsvæðið og auglýsa það betur. Vilji var fyrir því að byggja upp sumarhús og/eða smáhýsi til útleigu sem og að skipulögð yrði byggð vistvænna orlofshúsa í Hrísey.

### Ráðstefnur og námskeið

Hugmyndir voru um hvernig nýta mætti Íþróttamiðstöðina sem ráðstefnuhús fyrir minni ráðstefnur, námskeið og hópefli. Einnig að hægt væri að nýta húsið til gistingar fyrir skólahópa. Þá væri möguleiki að bjóða upp á afþreyingu fyrir hópa á meðan dvöl stæði. Hægt væri að bjóða upp á ýmis námskeið, svo sem um fugla og fuglaskoðun, myndlistarnámskeið, ljósmyndun og golfnámskeið.

### Heilsutengd ferðaþjónusta

Ýmsar hugmyndir komu fram á málþinginu um uppbyggingu á heilsutengdri ferðaþjónustu, þar sem að sérstaða eyjarinnar og hin einstaka orka yrði virkjuð. Leggja mætti áherslu á rólegheitin og tímaleysið sem svo auðvelt er að upplifa í Hrísey. Með heilsutengdri ferðaþjónustu væri hægt að vinna með andleg og líkamleg málefni. Hvað andlegu hliðina snertir nefna nokkrir slökunarnámskeið, jóganámskeið ásamt því að nefna "*haf og heilsa*", sem er áhugavert nafn þar sem hægt væri að tvinna nálægðina við hafið saman við uppbyggingu á heilsu. Nokkrir nefndu Hlein sem mögulegt húsnæði fyrir einhverskonar heilsulind eða heilsusetur, og hvort þar væri hægt að byggja upp starfsemi allt árið um kring, þar sem yrði einhverskonar aðhlynning, hjúkrun eða endurhæfing. Þetta tvinnast saman við atvinnuhugmyndir sem nefndar voru undir *Heilsustofnun* í atvinnukaflanum. Sú hugmynd kom fram að bjóða mætti upp á gistingu með ákveðnu þema, mataræði og heilsubót, og að bjóða upp á heilsumat og meðferð á ýmsan hátt fyrir börn og fullorðna.

### Þjónusta við ferðamenn

Á málþinginu kom fram að leggja þyrfti áherslu á að fá ferðafólk til að stoppa lengur en á milli ferða. Nefnt var að fjölga þyrfti valkostum fyrir fjölskyldufólk hvað varðar afþreyingu, til að halda þeim hópi lengur í eyjunni. Ein hugmynd var að útbúa

einhverskonar nestisaðstöðu fyrir gesti með aðgengi aðsnyrtingu, sem yrði þá sniðið að þörfum þeirra sem koma í dagsferð til Hríseyjar.

Nefnt var að afgreiðslutímar safnanna og sundlaugarinnar þyrftu að vera betur sniðnir að ferðamönnum og er þá spurning hvort skoða þurfi hvort núverandi afgreiðslutími sé að einhverju leyti óhentugur fyrir ferðamenn.

## Afþreying

Nefndar voru margar og fjölbreyttar hugmyndir að afþreyingu fyrir íbúa og ferðafólk í Hrísey. Flestar tengjast þær sérkennum eyjarinnar svo sem útivist, ævintýramennsku og hreinni náttúru og falla þær vel að grunngildunum sem fram komu á málþinginu. Margar hugmyndir fjalla um afþreyingu sem fær ferðafólk til að dvelja lengur við í eyjunni og að margar snúa að útivist og afþreyingu yfir vetrartímann auk þess sem sumar þeirra eru framkvæmanlegar án mikilla fjárfestinga.

*Útivist*

Lögð var áhersla á að skipuleggja gönguferðir með leiðsögn um eyjuna bæði að vetrarlagi og á sumrin. En til þess að þetta sé þægilegra þyrfti að bæta göngustíga, merkingu þeirra og merkja örnefni í náttúrunni, jafnvel skilti með sögu eyjunnar. Snjósleðaferðir, gönguskíðaferðir og norðurljósaferðir, eru mögulegar á veturna og mætti bjóða upp á þannig ferðir undir leiðsögn og enda ferðirnar á kakó sem hitað væri yfir eldi. Þá var lögð fram tillaga að því að hafa opið svæði í gömlu námunni við Selaklöpp, því þar sé skjól, og möguleiki á að halda viðburði þar.

Áhugi er á því að fá rennibraut í sundlaugina þar sem talið er að það myndi auka aðsókn og fjölga gestum laugarinnar, lengja viðverutíma ferðamanna í eyjunni og jafnframt fjölga þeim í leiðinni. Einnig er áhugi fyrir því að byggja upp sjósundaðstöðu í fjörunni við Sæborg. Hægt væri að koma upp heitum potti, sturtum eða kaldavatnslind þar. Halda mætti alþjóðlega sjósundkeppni, sem gæti orðið eins konar *Reykjavíkurmaraþon* Hríseyjar.

*Ævintýramennska*

Á málþinginu voru nefndar hugmyndir um að bjóða upp á bátsferðir og veiði, bæði á fiski og svartfugli. Hægt væri að bjóða upp á aðstöðu til að elda afurðina í lok ferðar. Nefnt var að hægt væri að bjóða upp á sögusiglingu í kringum eyjuna, hvalaskoðun og

fuglaskoðun. Til er sagan um manninn sem veiddi með aðstoð flugdreka, hægt væri að bjóða uppá þann möguleika til skemmtunar. Leiga á hjólum, þotuskíði og kajak væri möguleiki sem og að gera meira út á ævintýramennsku ferðamanna. Hægt væri að leigja veiðistangir fyrir þá sem vilja veiða af bryggjunni. Ýmsu er hægt að hrinda í framkvæmd með litlum tilkostnaði.

*Fuglar og náttúra*

Á málþinginu komu fram ýmsir punktar um fugla og náttúru. Hugmynd kom fram um fuglasafn eða fuglagarð þar sem rjúpan fengi sérstakt pláss og kynningu, jafnvel rjúpnasetur. Nefnt var að markaðssetja mætti bæði sérhæfðar fuglaskoðunarferðir, eggjatínsluferðir, náttúruskoðun, norðurljósaferðir, jarðfræði-, sögu- og jurtaferðir.

*Matarkistan Hrísey*

Líta má á Hrísey sem matarkistu og voru ýmsar hugmyndir um hvernig nýta mætti þær auðlindir sem eyjan hefur. Skipulagðar ferðir í ber og sveppi mætti fara í á haustin og kenna fólki að vinna afurðina á staðnum. Fara mætti í hópferðum að tína kerfil, hvönn, krydd og útbúa heilsudrykk úr hvönn. Handveiða mætti fisk og steikja hann svo og borða í fjörunni.

*Fjölskylduafþreying - Sjávarþorpið Hrísey*

Á málþinginu komu fram margar skemmtilegar hugmyndir um fjölskylduafþreyingu sem auðvelt er að hrinda í framkvæmd og hægt væri að markaðssetja sem *Sjávarþorpið Hrísey***.** Boðið væri upp á fjölskylduhelgar þar sem frítt væri í ferjuna. Þá væri boðið upp á skipulagðar gönguferðir o.fl. til dæmis leiktæki fyrir börn, mínigolf úr trjágreinum og fleira í þeim dúr. Huga ætti að uppbyggingu afþreyingar allt árið um kring en fram kom að góður golfvöllur myndi draga að á sumrin og fram á haustin og svo norðurljósin og gönguskíðabrautir á vetrum.

Nefndar voru ýmsar útfærslur af golfvöllum sem setja mætti upp í eyjunni. Margir telja að 9 holu golfvöllur væri fljótur að borga sig upp. Frisbýgolfvöll mætti einnig setja upp sem og fótboltagolfvöll. Líkur væru á að slík afþreying myndi alltaf vera vinsæl og laða að ferðamenn.

Traktorar eru ákveðin sérstaða Hríseyjar og sú menning sem hefur skapast í kringum þá. Nefnt var að þessa sérstöðu mætti efla til dæmis með sýningum og útleigu.

Fram kom hugmynd um að hægt væri að gera Hrísey að jólabæ og ef til vill tengja það kirkjunni á einhvern hátt. Mikil dagskrá er á aðventunni og yfir jólahátíðina í Hrísey og eflaust hægt að gera meira úr þeirri dagskrá með aukinni markaðssetningu.

Fjölga mætti árlegum viðburðum í Hrísey, nefnd var hugmynd að *Gaman saman* skemmtun, þar sem tengja mætti ýmiskonar listir saman, svo sem leiksýningar, tónlist, myndlist, ritlist og dans.

Sú hugmynd kom fram að það mæti breyta Holti í *Húsið hennar ömmu* og bjóða upp á heimalagað bakkelsi og fleira sem er útbúið á staðnum. Rækta mætti grænmeti í gróðurhúsinu og selja og með því gætu störf skapast. Endurgerð íbúðarinnar í kjallaranum kom fram sem hugmynd og að bjóða hana rithöfundum til leigu.

## Könnunin

Fyrsta verk áhugahópsins var að koma af stað opinni netkönnun um ýmis málefni er varða þjónustu og búsetuskilyrði í Hrísey. Könnunin var búin til sem Form í *Google Drive* og má sjá hana í heild sinni í viðauka B. Könnuninni var deilt á heimasíðu Ferðamálafélagsins (www.hrisey.net), og á *Facebooksíðu* Ferðamálafélagsins, þar eru yfir 600 manns sem hafa einhver tengsl við Hrísey. Því má áætla að könnunin hafi farið víð. Einnig var hægt að nálgast útprentuð eintök af könnuninni í Júllabúð.

Eins og fram kom í formála könnunarinnar var tilgangur hennar að kanna afstöðu íbúa, og annarra sem bera hag Hríseyjar fyrir brjósti, til ýmissa málefna sem geta skipt máli fyrir byggð eyjarinnar. Könnunin var nafnlaus og ekki hægt að rekja svör til einstakra svarenda. Tekið var fram að könnun, eins og þessi, getur gefið mikilvægar upplýsingar um það hvað má betur fara svo að öllum líði vel í eyjunni og verið gagnlegt vinnutæki til að byggja upp atvinnulíf og þjónustu sem hentar þeirrri byggð sem við höfum í Hrísey. Þátttakendur voru því beðnir um að vanda svör sín og svara eins mörgum spurningum og þeir höfðu tök á. Fram var tekið að unnið yrði úr þeim upplýsingum sem könnunin gefur og niðurstöður skoðaðar með það fyrir augum að byggja sem best búsetuskilyrði í Hrísey á eins víðtækan hátt og unnt er.

## Niðurstöður

Alls voru 146 einstaklingar sem svöruðu könnuninni á tímabilinu frá 3. - 29. september 2013. Í fyrsta hluta könnunarinnar voru almennar spurningar um kyn, aldur og búsetu. Þar var spurt hvort þátttakendur ættu börn og ef svo væri, hversu mörg þeirra væru undir 16 ára aldri.




**Mynd 1**: Kynjahlutfall þáttakenda könnunar




**Mynd 2**: Aldursdreifing þátttakenda




**Mynd 3**: Búseta þátttakenda - hlutfall







**Mynd 4** (til vinstri): Svarhlutfall við spurningunni *Áttu börn?*

**Mynd 5** (til hægri): Fjöldi barna þátttakendur undir 16 ára aldri

## Að búa í Hrísey

Í könnuninni voru þátttakendur spurðir hvort þeir gætu hugsað sér að búa í Hrísey og ef ekki, þá af hverju. Þá var spurt hvað þátttakendur teldu að hægt væri að gera til þess að fleiri kysu að flytja til Hríseyjar. Mörg góð svör fengust úr þessum spurningum.

Þar sem spurt var hvort fólk gæti hugsað sér að búa í Hrísey var einn svarmöguleikinn „Bý þar nú þegar“. Við úrvinnslu á niðurstöðunum var það svar tekið til hliðar og skoðuðum við svör þeirra sem ekki búa í Hrísey í dag.




**Mynd 6**: Hér má sjá svör þeirra sem ekki búa í Hrísey nú þegar við spurningunni hvort þeir gætu hugsað sér að búa í Hrísey

Alls voru 62 einstaklingar sem bjuggu annarsstaðar en í Hrísey sem svöruðu því játandi að þeir gætu hugsað sér að búa þar. Þetta þóttu okkur jákvæðar tölur og ákváðum við að vinna frekar með svör þeirra sem gætu hugsað sér að búa í Hrísey en búa ekki þar í dag.




**Mynd 7**: Svör þeirra sem gætu hugsað sér að búa í Hrísey við spurningunni *Áttu börn*

Af þeim 62 sem svöruðu því játandi að þeir gætu hugsað sér að búa í Hrísey eru 52 sem eiga börn. Þegar skoðuð voru svör við spurningunni hve mörg þeirra væru undir 16 ára aldri kom í ljós að af þessum 62 voru 33 sem áttu börn undir 16 ára aldri og samanlegt voru það 57 börn, þó svo að mögulega séu þarna einhver börn tvítalin ef t.d. hjón hafa svarað könnuninni.




**Mynd 8**: Svör við spurningunni *Við hvaða atvinnugrein starfar þú* hjá þeim sem svöruðu því játandi að þeir gætu hugsað sér að búa í Hrísey.

Í umræðu um atvinnumál í Hrísey er gagnlegt að vita af því að hér höfum við upplýsingar um við hvaða atvinnugrein þessir 62 einstaklingar starfa, sem svöruðu því játandi að geta hugsað sér að búa í Hrísey.

**Hvað telur þú að hægt væri að gera til þess að fleiri kjósi að flytja til Hríseyjar?**

Langflest svörin tengdust atvinnu- og húsnæðismálum, ásamt nauðsyn þess að markaðsetja Hrísey betur sem góðan búsetukost. Varðandi atvinnumálin kom fram mikilvægi þess að hafa fjölbreytta atvinnumöguleika, vinna með nýsköpun og smáiðnað og að auka atvinnu fyrir menntað fólk. Oft var bent á þann möguleika hversu heppileg fjarvinna sé fyrir Hrísey, þar sem hægt er að sinna hinum ýmsu störfum án tilliti til landfræðilegrar staðsetningar. Mikil áhersla var á að efla ferðaþjónustuna og atvinnu í tengslum við hana og byggja á þeirri sérstöðu sem eyjan hefur svo sem tengsl við náttúru, fámenni og kyrrð. Húsnæðismál voru títt nefnd og þá helst leigumarkaðurinn, að auglýsa þyrfti lausar íbúðir á einum stað, hvort sem þær væru ætlaðar til skammtíma- eða langtíma leigu.

Ekki voru allir sem nefndu atvinnumál í sínum svörum, margir bentu á mikilvægi þess að kynna og markaðssetja Hrísey betur sem búsetukost, til þess að gefa fólki góða mynd af því hversu gott og einstakt það er að búa í Hrísey og ala upp börn þar. Í þeirri markaðssetningu væri hægt að efla heimasíðu Ferðamálafélagsins (www. hrisey.net), nýta Hríseyjarhátíðina til þess að markaðssetja eyjuna sem búsetukost en ekki einungis ferðamannastað, ásamt því að nýta miðla landsins undir auglýsingar eða hvatningarorð um hversu auðvelt en um leið sérstakt það er að búa í Hrísey. Með góðri upplýsingagjöf á heimasíðu Ferðamálafélagsins mætti auðvelda fólki að kynna sér þau lífsins gæði og sérstöðu sem íbúar Hríseyjar búa við. Mikilvægt er að upplýsingar varðandi ferjuferðir, heilbrigðisþjónustu, verslun, þjónustu, félagslíf, íþróttaiðkun og tenglar inn á umsóknir um leik- eða grunnskóla séu aðgengilegar fólki sem vill kynna sér nánar hvernig það er að búa hér. Þá væri sniðugt að auglýsa lausar leiguíbúðir á sama stað. Sú hugmynd að auglýsa vel þau störf sem losna innan Hríseyjar fellur vel að því að auka upplýsingagjöf til þeirra sem gætu hugsað sér að flytja til Hríseyjar. Í atvinnuauglýsingum, til dæmis fyrir Hríseyjarskóla eða Hríseyjarferjuna Sævar, mætti nota tækifærið og kynna Hrísey sem góðan búsetukost og benda þá á heimasíðu Ferðamálafélagsins þar sem ítarlegri upplýsingar væri að finna.

Nefnt var að kynna þurfi hve eyjan er vel staðsett í Eyjafirði og þann möguleika að

sækja vinnu í land. Í því samhengi skipti miklu máli að tryggt verði að áfram verði frítt í ferjuna fyrir íbúa eyjarinnar og að unnið verði að því að tryggja öruggar almenningssamgöngur með því að tengja saman áætlun ferjunnar og áætlunarbíla. Töluvert var nefnt að koma þurfi upp biðaðstöðu á höfninni beggja vegna.

Heilbrigðismál voru nefnd og mikilvægi þess að fá lækni reglulega til Hríseyjar. Vangaveltur um mæðra- og ungbarnavernd benda til að kynna þyrfti hvernig þeim málum er háttað.

**Opin svör þeirra sem ekki gætu hugsað sér að búa í Hrísey.**

Flestir sem svöruðu því til að þeir gætu ekki hugsað sér að búa í Hrísey, svöruðu á þá leið að samgöngur væru ekki nógu góðar og að mikið mál væri að fara í land eftir þjónustu og því einangrunin mikil. Aðrir nefndu slæmt veðurfar, skort á atvinnu, fámenni, lítið félagslíf og slæma heilbrigðisþjónustu helstu ástæðu þess að þeir geti ekki hugsað sér að búa í Hrísey. Í einu svari kom fram að engar íþróttaæfingar væru fyrir börn.

Þessar staðhæfingar benda til þess að sumir hafi ranghugmyndir um hvernig það er að búa í Hrísey og er það verkefni framtíðarinnar að koma því betur til skila hvernig það er í raun að búa hér. Sem dæmi má nefna að Ungmennafélagið Narfi stendur fyrir íþróttaskóla fyrir leikskólabörn og fótbolta- og frjálsíþróttaæfingum fyrir börn á grunnskólaaldri yfir vetrartímann og býður upp á íþróttaskóla á sumrin.

**Eitthvað sem þú vilt við þetta bæta?**

Hér komu fram nokkrir gullmolar um Hrísey og sérstöðu hennar og margir hvöttu Hríseyinga til að vera stoltari af sjálfum sér og eyjunni.

- Vonandi mun Hrísey blómstra í framtíðinni því þetta er frábær staður til að búa á og ala upp börn.
- Algjör paradís.
- Hrísey er best ! Berum boðskapinn áfram, jákvæð, stolt og glöð í bragði !
- Það er dásamlegt að koma til Hríseyjar, svo friðsælt og uppbyggjandi.
- Sjálfbærni og sterk umhverfisvitund eru lyklar sem þarf að nota.
- Það er ekki spurning í mínum huga að eitt af því sem gerir eyjuna eftirsóknaverða til búsetu er hreyfing Hríseyinga í átt að sjálfbæru samfélagi.
- Aukin atvinna og húsnæði er og verður alltaf forsenda fyrir því að fólk setjist að, Hrísey hefur allt annað: náttúru,friðsæld og einhvern seiðandi kraft.
- Staðurinn og íbúar Hríseyjar eru gullmolar.

## Samgöngur

Í hlutanum um samgöngur var spurt hvaða áhrif samgöngur hafa á vilja fólks til að búa í Hrísey, hversu mikilvægar tíðar siglingar ferjunnar eru og hversu mikilvægt það er að það gangi áætlunarbíll sem tengist ferjuferðum. Hér má sjá niðurstöður við þessum spurningum.




**Mynd 9**: 75% þátttakenda telja samgöngur hafa frekar mikil eða mjög mikil áhrif á vilja fólks til að búa í Hrísey




**Mynd 10**: 95% þátttakenda telja tíðar siglingar ferjunnar frekar mikilvægar eða mjög mikilvægar.




**Mynd 11:** Tæplega 80% þátttakenda telja frekar mikilvægt eða mjög mikilvægt að það gangi strætó sem tengist ferjuferðum.

## Þjónusta

Í könnuninni voru þátttakendur beðnir um að svara hversu mikilvæg ýmis þjónusta þeim þætti vera fyrir búsetuskilyrði í Hrísey. Svarmöguleikar voru á bilinu 1-5 þar sem 1 merkti *ekki mikilvægt* og 5 *mjög mikilvægt*.




**Mynd 12**: Rétt er að taka fram að svarhlutfall var mismunandi milli liða og því getur munað nokkru um fjölda einstaklinga milli svara. Hér birtum við þó hlufall og það gefur samt sem áður góða mynd af niðurstöðunum.

Af þessu má sjá að flestir telja grunnstoðir samfélagsins vera grunnskóli, leikskóli, sundlaug, íþróttahús og verslun.

**Viltu bæta einhverju við um núverandi þjónustu?**

Ýmis svör komu fram við þessari spurningu svo sem að styrkja núverandi þjónustu svo hún leggist ekki af, styðja við bakið á ferðatengdri þjónustu, efla Hús Hákarla Jörundar enn frekar og skapa meiri sérstöðu í afþreyingu í Hrísey. Þá var minnst á að bensínafgreiðsla mætti vera betri. Hrós fengu bæði Júllabúð og Brekka fyrir góða þjónustu.

Langflest svörin snertu hins vegar málefni íþróttamiðstöðvarinnar í Hrísey, og þá sundlaugarinnar sérstaklega. Þar var það vetraropnunartíminn sem flestir gerðu að umtalsefni sínu og ljóst að margir myndu vilja sjá breytingu gerða á núverandi opnun og laga hana betur að þörfum íbúa og sömuleiðis huga betur að ferðafólki og sumarbústaðareigendum með lengri helgaropnun.

Hvað varðar þarfir íbúa Hríseyjar, þá telja margir núverandi opnunartíma Íþróttamiðstöðvarinnar yfir vetrartímann óhentugan fyrir vinnandi fólk. Á virkum dögum, þegar fólk er flest í vinnu eða námi, þykir óhentugt að opið er milli 14 og 18 tvo daga vikunnar, telja margir að það myndi betur mæta þörfum íbúa að færa opnunina seinna fram á daginn og fram á kvöld. Þessu til stuðnings má nefna að erfitt er að útbúa tímatöflu fyrir íþróttaæfingar þegar aðeins er hægt að hafa æfingar á tveimur virkum dögum, þriðjudögum og fimmtudögum (þá er opið til 20), þar sem illa gengur að fá þjálfara til að mæta á æfingar klukkan 17, hvað þá fyrr. Ungmennafélagið Narfi getur fengið 8 tíma á viku niðurgreidda frá Íþróttabandalagi Akureyrar, en er núna að nýta fimm þeirra. Með breyttum opnunartíma væri möguleiki að nýta alla þessa tíma. Fram komu ábendingar um að lokun á mánudögum sé óþægileg fyrir heimamenn og að nær væri að loka á föstudögum þar sem margir Hríseyingar nota þá daga til bæjarferða. Hér væri einungis um hagræðingu á opnunartíma að ræða en ekki lengingu.

Helgaropnun Íþróttamiðstöðvarinnar á veturna og frídögum var einnig gerð að umtalsefni, þar sem oft eru margir ferðamenn og sumarbústaðaeigendur í Hrísey um helgar og á frídögum, og því þykir bagalegt að þetta frábæra mannvirki, sé einungis opið í 3 klukkustundir á laugardögum og lokað á sunnudögum. Sömuleiðis þykir það slæmt, þegar sundlaugin er lokuð á frídögum, til dæmis um páska, hvítasunnu og 17. júní, en á þessum dögum iðar eyjan gjarnan af mannlífi.

Í niðurstöðunum komu fram mörg jákvæð ummæli um Íþróttamiðstöðina, að hún sé frábær, sundlaugin góð og íþróttasalurinn sömuleiðis og almenn ánægja er með Íþróttamiðstöðina eftir endurbæturnar. Nokkrir nefna að markaðssetja mætti þessa frábæru aðstöðu betur. Þá er hin góða aðstaða fyrir sjósund nefnd, sem mætti gera meira út á og markaðssetja. Sú hugmynd kom fram að hægt væri að bæta nýtingu á íþróttasalnum með lengri opnunartíma um helgar og auglýsingum sem væri sérstaklega beint til vinahópa sem stunda allskonar íþróttir í sal og vantar aðstöðu til þess að æfa reglulega eða gera sér dagamun og taka eina, tvær æfingar í Hrísey.

**Er einhver þjónusta sem þú telur nauðsynlega vanta sem þú telur mikilvæga fyrir byggð í Hrísey?**

Langalgengasta svarið við þessari spurningu var að fá lækni reglulega til Hríseyjar og hafa lyfjaútibú staðsett í eyjunni. Rökstuddu margir það með því að benda á hversu langan tíma það getur tekið að komast undir læknishendur ef einhver slasast og einnig að meðalaldur Hríseyinga er að hækka og að sá hópur eigi hvað erfiðast með að fara í land eftir læknisþjónustu. Nokkrir huguðu að yngstu íbúum eyjarinnar og töldu mikilvægt að fá ungbarnaeftirlit eftir þörfum til Hríseyjar þannig að ekki þurfi að ferðast með börn undir 1 árs aldri í land til þess að komast í reglubundin eftirlit og sprautur. Fleiri svör tengdust heilsufari eyjabúa bæði líkamlegu og andlegu. Nefnt var að það þyrfti að vera öflugra íþróttastarf fyrir alla aldurshópa, tónlistarstarf og vikulegar bíósýningar eða önnur afþreying. Ýmis önnur þjónusta var talin:

- Áfengisverslun í tengslum við rekstur Júllabúðar, skýtur styrkari stoðum undir verslunina og samfélagið í heild.
- Snyrtistofa
- Ýmis konar viðgerðarþjónusta (bílar, tölvur og heimilistæki)
- Öflugri bankastarfsemi, ef hægt væri að stunda öll sín bankaviðskpti við útibúið í Hrísey
- Dagmömmupláss
- Traktoraleigu fyrir sumarhúsagesti
- Betra fjarskiptasamband bæði fyrir net og afþreyingarefni. t.d. sjónvarp Símans
- Hætta að taka gjald í ferjuna
- Bæta þjónustu við ferðamenn með öflugri þjónustu- og upplýsingamiðstöð við höfnina
- Fleiri veitingastaði yfir sumartímann

# Lokaorð

Eins og fram hefur komið þá reyndist vinna við úrvinnslu gagna eftir málþingið mun viðameiri en við sem stóðum að hópnum höfðum gert okkur grein fyrir. Sú vinna hefur verið gefandi og skemmtileg og við erum öll sem eitt stolt af árangrinum.

Eftir að hafa skoðað þessi mál þetta djúpt erum við sannfærðari en áður um að hér sé hægt að byggja upp til framtíðar á ábyrgan og skynsamlegan hátt. Sú uppbygging sem fara þarf í verður aldrei á ábyrgð áhugahópsins þó að við séum tilbúin til þess að leggja öllum góðum málum lið eftir fremsta megni.

Framtíðaruppbygging hér í Hrísey mun alltaf verða á ábyrgð þeirra einstaklinga sem að hér búa og biðin eftir því að eitthvað gerist mun aldrei styttast sé fólk ekki reiðubúið til að leggja hönd á plóg. Sú samstaða sem einkennir Hríseyinga er sterkasta vopn okkar til framtíðar. Mætum öll á þá fundi sem varða okkar framtíð og styðjum hvort við annað í þeirri uppbyggingu sem framundan er því samfélag er byggt upp á þeim einstaklingum sem í því búa. Framundan eru mörg tækifæri og það er okkar allra að grípa þau í sameiningu.

Hrísey, mars 2014

Guðrún J. Þorbjarnardóttir
Hrund Teitsdóttir
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Ingibjörg Þórðardóttir
Ingimar Ragnarsson
Ingólfur Sigfússon
Júlíus Freyr Theodórsson
Linda María Ásgeirsdóttir
Þröstur Jóhannsson

# Viðaukar

Í viðauka A eru afrit af öllum þeim bréfum sem hópurinn sendi frá sér.

- Sundlaug Akureyrar
- Eyfar ehf
- Hverfisráð Hríseyjar
- Ungmennafélagið Narfi
- Félag eldri borgara í Hrísey
- Ferðamálafélag Hríseyjar
- Júllabúð
- Eyþing
- Hríseyjarskóli
- Útgerðarfélagið Hvammur
- Hrísiðn
- Vegagerðin

Í viðauka B er afrit af netkönnuninni eins og hún leit út fyrir þátttakendum.

Áhugahópur um framtíð Hríseyjar
630 Hrísey

Sundlaug Akureyrar
B.t. Elínar H. Gísladóttur
Þingvallastræti 21
600 Akureyri

Hrísey, 20. október 2013

Afrit sent til Bæjarstjórnar.

**Efni: Íþróttamiðstöðin í Hrísey**

Á haustdögum 2013 kom saman hópur fólks sem sameiginlega hefur mikinn áhuga um stöðu og framtíð Hríseyjar. Hópurinn hefur starfað undir heitinu *Áhugahópur um framtíð Hríseyjar*. Í september var sett af stað opin netkönnun þar sem 146 manns svöruðu ýmsum spurningum um Hrísey. Þann 14. september hélt hópurinn málþing um framtíð Hríseyjar í Íþróttamiðstöðinni þar sem rúmlega 60 manns komu saman og unnu með hugmyndir varðandi nokkra málaflokka. Hópurinn hefur svo að undanförnu unnið úr niðurstöðum könnunarinnar og málþingsins þar sem af nógu er að taka og málefnin mörg.

Málefni íþróttamiðstöðvarinnar í Hrísey, og þá sundlaugarinnar sérstaklega, koma mikið við sögu í niðurstöðunum. Þar er það vetraropnunartíminn sem flestir gera að umtalsefni og ljóst að margir myndu vilja sjá breytingu gerða á núverandi opnun og laga hana betur að þörfum íbúa og sömuleiðis huga betur að ferðafólki og sumarbústaðareigendum með lengri helgaropnun.

Hvað varðar þarfir íbúa Hríseyjar, þá telja margir núverandi opnunartíma Íþróttamiðstöðvarinnar yfir vetrartímann óhentugan fyrir vinnandi fólk. Á virkum dögum, þegar fólk er flest í vinnu eða námi, þykir óhentugt að opið er milli 14 og 18 tvo daga vikunnar, telja margir að það myndi betur mæta þörfum íbúa að færa opnunina seinna fram á daginn. Þessu til stuðnings má nefna að erfitt er að útbúa tímatöflu fyrir íþróttaæfingar þegar aðeins er hægt að hafa æfingar á tveimur virkum dögum, þriðjudögum og fimmtudögum, þar sem illa gengur að fá þjálfara til að mæta á æfingar kl. 17, hvað þá fyrr. Ungmennafélagið Narfi getur fengið 8 tíma á viku niðurgreidda frá Íþróttabandalagi Akureyrar, en er núna að nýta fjóra þeirra. Með breyttum opnunartíma væri möguleiki að nýta alla þessa tíma.

Það komu einnig fram ábendingar um að lokun á mánudögum sé óþægileg fyrir heimamenn og að nær væri að loka á föstudögum þar sem margir Hríseyingar nota þá daga til bæjarferða. Hér væri einungis um hagræðingu á opnunartíma að ræða en ekki lengingu.

Eins var helgaropnun Íþróttamiðstöðvarinnar á veturna og frídögum gerð að umtalsefni, þar sem oft eru margir ferðamenn og sumarbústaðaeigendur í Hrísey um helgar og á frídögum, og því þykir bagalegt að þetta frábæra mannvirki, sé einungis opið í 3 klukkustundir á laugardögum og lokað á sunnudögum. Sömuleiðis þykir það slæmt, þegar sundlaugin er lokuð á frídögum, t.d. um páska, hvítasunnu og 17. júní, en á þessum dögum iðar eyjan gjarnan af mannlífi. Ítrekað kemur fram í niðurstöðunum að nær væri að mæta þörfum ferðafólksins og hafa opið á sunnudögum, og skoða opnun á frídögum.

Í niðurstöðunum komu einnig fram margir jákvæðir þætti eins og að Íþróttamiðstöðin sé frábær, sundlaugin góð og íþróttasalurinn sömuleiðis. Nokkrir nefna að markaðssetja mætti þessa frábæru aðstöðu betur. Þá er hin góða aðstaða fyrir sjósund nefnd, sem mætti gera meira út á og markaðssetja.

Teljum við að með tilfærslu á vetraropnunartímanum mætti þjóna betur þörfum íbúa og ferðamanna. Innan Áhugahópsins hafa verið ræddar ýmsar hugmyndir að tilfærslu á opnunartíma og er það okkar tillaga að við fáum fund með Elínu forstöðumanni Sundlauga Akureyrar, Ellerti Erni forstöðumanni íþróttamála og Eiríki bæjarstjóra, til að ræða mögulegar hagræðingar á opnunartíma og bættri nýtingu Íþróttahússins.

Með von um jákvæð viðbrögð,

**f.h Áhugahóps um framtíð Hríseyjar**
Hrund Teitsdóttir (hrund.teits@gmail.com)
Ingibjörg Þórðardóttir (husfreyjan@gmail.com)

Áhugahópur um framtíð Hríseyjar
630 Hrísey

Eyfar ehf
630 Hrísey

Hrísey, 20. október 2013

**Efni: Samgöngur með Hríseyjarferju.**

Á haustdögum 2013 kom saman hópur fólks sem sameiginlega hefur mikinn áhuga á stöðu og framtíð Hríseyjar. Hópurinn hefur starfað undir heitinu *Áhugahópur um framtíð Hríseyjar*. Í september var sett af stað opin netkönnun þar sem 146 manns svöruðu ýmsum spurningum um Hrísey. Þann 14. september hélt hópurinn málþing um framtíð Hríseyjar í Íþróttamiðstöðinni þar sem rúmlega 60 manns komu saman og unnu með hugmyndir varðandi nokkra málaflokka. Hópurinn hefur svo að undanförnu unnið úr niðurstöðum könnunarinnar og málþingsins þar sem af nógu er að taka og málefnin mörg.
Málefni ferjunnar Sævars koma mikið við sögu í niðurstöðunum. Langflestir nefndu það að best væri að hafa eina áætlun allt árið á tveggja tímafresti, frítt fyrir alla og ekki greiða fyrir upphringiferðir. Einnig kom fram að ferjan siglir ekki kl. 7.00 á morgnana á rauðum dögum þannig að fólk kemst ekki til vinnu þessa daga.
Bæta þyrfti aðstöðu fyrir dýr og farangur. Ferð kl. 09.00 á sunnudögum verði föst því töluvert er um að ferðafólk komi í þessa ferð. Búa til búnað fyrir farangur farþega til að hífa hann um borð. Margir nefndu að bæta mætti þjónustulund í ferjunni. Ferjan er okkar fyrsti samgöngumiðill héðan og mjög mikilvægt að þessi mál séu í góðu lagi
Talað var um að breyting á áætlun frá 1. nóvember – 1. mars komi sér frekar illa fyrir þá sem eru að sækja tómstundir í landi og hvort hægt væri að hafa þetta annað hvort fyrir eða eftir áramót ef ekki er hægt að hafa sömu áætlun allt árið.
Hér eru nokkur dæmi um það sem kom fram:
Að sumarhúsa eigendur njóti sömu kjara og íbúar varðandi samgöngur
Ég tel að það þurfi að koma því mikið betur á framfæri en gert er hvað samgöngur við eyjuna eru góðar. Það myndi opna augu margra fyrir Hrísey sem búsetukosti, en ekki síður efla ferðamannastrauminn.
"Einhvern vegin þurfum við að koma því að hjá fólki að það eru mjög miklar og góðar samgöngur - við búum ekki við eins mikla einangrun og fólk heldur.
Það er æðislegt að heimamenn skuli fá frítt í ferjuna.
Ferjusiglingar til eyjarinnar seint um kvöld.
Góða og lipra þjónustu.

Til að þessi vinna skili sér sem best út í samfélagið ákvað hópurinn að senda niðurstöður til viðkomandi fyrirtækja eða hagsmunaðila því eðlilegast er að þeir aðilar skoði þessi mál og sjái hvort hægt sé að koma til móts við einhverjar tillögur sem fram komu. Hópurinn óskar eftir að hitta rekstaraðila ferjunnar og skoða hvaða möguleikar eru í stöðunni.

Með vinsemd og virðingu.
F.h. hópsins: Guðrún Þorbjarnardóttir (midbraut@simnet.is)
og Linda María Ásgeirsdóttir (lindamar@internet.is)

Áhugahópur um framtíð Hríseyjar
630 Hrísey

Hverfisráð Hríseyjar
630 Hrísey

Hrísey, 7. nóvember 2013

**Efni: Hugmyndir sem komu fram á málþingi um framtíð Hríseyjar.**

Á haustdögum 2013 kom saman hópur fólks sem sameiginlega hefur mikinn áhuga um stöðu og framtíð Hríseyjar. Hópurinn hefur starfað undir heitinu *Áhugahópur um framtíð Hríseyjar*. Í september var sett af stað opin netkönnun þar sem 146 manns svöruðu ýmsum spurningum um Hrísey. Þann 14. september hélt hópurinn málþing um framtíð Hríseyjar í Íþróttamiðstöðinni þar sem rúmlega 60 manns komu saman og unnu með hugmyndir varðandi nokkra málaflokka. Hópurinn hefur svo að undanförnu unnið úr niðurstöðum könnunarinnar og málþingsins þar sem af nógu er að taka og málefnin mörg. Til að þessi vinna skili sér sem best út í samfélagið ákvað hópurinn að senda niðurstöður til viðkomandi fyrirtækja eða hagsmunaðila því eðlilegast er að þeir aðilar skoði þessi mál og sjái hvort hægt sé að koma til móts við einhverjar tillögur sem fram komu.

Nokkur málefni sem komu fram teljum við að eigi erindi við Hverfisráð Hríseyjar og skiptum við þeim niður í þrjá flokka: heilbrigðis- og velferðarmál, samgöngur innan Hríseyjar og umhverfismál.

**Heilbrigðis- og velferðarmál:**
Afgerandi eru niðurstöður, bæði frá Málþinginu og úr könnuninni, um mikilvægi þess að læknir hafi aftur fasta viðveru í Hrísey og binda menn vonir um að það geti orðið vikulega. Málefni sjúkraflutninga komu einnig fram og bent var á mikilvægi þess að sjúkraflutningar verði samningsbundnir og að sjúkraflutningamenn hljóti þjálfun (endurmenntun) svo að öryggi Hríseyinga sé betur tryggt.

**Samgöngumál innan Hríseyjar:**
Niðurstöður Málþings og könnunar í samgöngumálum innan Hríseyjar snéru að vistvænni samgöngum, ökutækjum við höfnina og akstri utan vegar. Margar hugmyndir komu fram um það hvernig draga mætti úr bílaumferð, umferðahraða og gera samgöngur innan Hríseyjar vistvænni og tengdust margar hugmyndir þeirri ímynd sem eyjan hefur skapað sér sem hrein eyja og náttúruperla. Hugmyndir komu fram um fækkun ökutækja, notkun rafmagnsskutla/bíla, breyta öllum götum í Hrísey í vistgötur sem og að setja upp hraðahindranir. Þá kom ítrekað fram að fjarlægja þyrfti ónýt ökutæki við höfnina, gera bílastæði þar snyrtilegri, ásamt ábendingum um akstur utan vegar og á gönguleiðinni. Þá var bent á að Akureyrarbær þyrfti að standa við gefið loforð frá árinu 2006 um að malbika Austurveginn.

**Umhverfismál:**
Niðurstöður sem varða umhverfismál voru afar fjölbreyttar en helstu málefni voru sorpmál, gönguleiðin, sláttur á lúpínu og uppbygging Hátíðarsvæðisins.

Mikil krafa var um að byggt verði í kringum gáma og grenndarstöðvar í Hrísey og staðsetning sumra þeirra endurskoðuð og að fá moltugerðina aftur í gang í Hrísey. Jafnframt að gera þurfi olíuportið (þar sem Akureyrarbær er með endurvinnslu fyrir timbur, járn og fleira) snyrtilegra og aðkomu að Sandshorni fallegri (svæðið upp af höfninni). Þá var talað um að hirða þyrfti betur opin svæði í Hrísey og að umhverfið í kringum stofnanir Akureyrarbæjar s.s. Áhaldahúsið yrði öðrum til fyrirmyndar í framtíðinni. Nefnt var að mikilvægt væri að halda áfram að laga gönguleiðina og gera hana færa fyrir einstaklinga í hjólastól, fólk með barnavagna o.s.frv. Sömuleiðis að mikilvægt sé að grisja skóginn við gönguleiðina og halda áfram að byggja upp Hátíðarsvæðið og gera það snyrtilegt til áningar.

Umræður sköpuðust einnig á Málþinginu um mikilvægi þess að reyna að hefta frekari útbreiðslu lúpínu, kerfils og hvannar og ábendingar komu fram um að Akureyrarbær þyrfti að byrja fyrr að slá kerfil en nú er gert. Auk þess var rætt var um að skipulega þyrfti að eyða vargfugli og að virða verndun á friðfuglum í Hrísey.

Hér hefur verið farið yfir þær niðurstöður og hugmyndir sem fram komu á Málþinginu og í könnuninni, sem áhugahópurinn telur eiga beint erindi til Hverfisráðs Hríseyjar. Hópurinn óskar jafnframt eftir því við Hverfisráðið að það skoði hvort og þá hvernig það getur komið að framangreindum atriðum og stuðlað að því að þau komist í þann farveg sem nauðsynlegur er til að úrbætur geti orðið á því sem þörf er á. Það er mat hópsins og trú, að sum þessra atriða séu þegar í vinnslu og lýsum við yfir áhuga á því að fá upplýsingar um það sem þegar er verið að vinna að, auk þess að fá að fylgjast með því sem gert verður í framhaldinu.

Með vinsemd og virðingu og von um að með ykkar aðkomu verði einhverjum af þessum góðu hugmyndum gefið líf.

Fyrir hönd áhugahóps um framtíð Hríseyjar,

Ingibjörg Þórðardóttir
Hrund Teitsdóttir
Ingólfur Sigfússon

Áhugahópur um framtíð Hríseyjar
630 Hrísey

Ungmennafélagið Narfi
630 Hrísey

Hrísey, 7. nóvember 2013

**Efni: Hugmyndir sem komu fram á málþingi um framtíð Hríseyjar**

Á haustdögum 2013 kom saman hópur fólks sem sameiginlega hefur mikinn áhuga um stöðu og framtíð Hríseyjar. Hópurinn hefur starfað undir heitinu *Áhugahópur um framtíð Hríseyjar*. Í september var sett af stað opin netkönnun þar sem 146 manns svöruðu ýmsum spurningum um Hrísey. Þann 14. september hélt hópurinn málþing um framtíð Hríseyjar í Íþróttamiðstöðinni þar sem rúmlega 60 manns komu saman og unnu með hugmyndir varðandi nokkra málaflokka. Hópurinn hefur svo að undanförnu unnið úr niðurstöðum könnunarinnar og málþingsins þar sem af nógu er að taka og málefnin mörg. Til að þessi vinna skili sér sem best út í samfélagið ákvað hópurinn að senda niðurstöður til viðkomandi fyrirtækja eða hagsmunaðila því eðlilegast er að þeir aðilar skoði þessi mál og sjái hvort hægt sé að koma til móts við einhverjar tillögur sem fram komu. Hér að neðan eru þær hugmyndir sem við teljum að Ungmennafélagið Narfi gæti tekið til skoðunar.

Sú hugmynd kom fram að koma á fót skipulagðri hreyfingu fyrir aldraða undir leiðsögn þjálfara og langar okkur að leita til Ungmennafélagsins Narfa um útfærslu og framkvæmd á slíkri þjónustu.

Einnig komu fram hugmyndir um afþreyingu sem myndi nýtast fyrir heimamenn jafnt og ferðamenn. Margs konar hugmyndir voru um golf, bæði um uppbyggingu á venjulegum golfvelli eða aðstöðu fyrir golfiðkendur, sem og aðrar útfærslur á golfi svo sem að búa til frísbígolfvöll, fótboltagolfvöll og mínígolf úr trjágreinum.

Með vinsemd og virðingu og von um að með ykkar aðkomu verði einhverjum af þessum góðu hugmyndum gefið líf.

Fyrir hönd Áhugahóps um framtíð Hríseyjar
Ingibjörg Þórðardóttir (husfreyjan@gmail.com)
Hrund Teitsdóttir (hrund.teits@gmail.com)

Áhugahópur um framtíð Hríseyjar
630 Hrísey

Félag eldri borgara í Hrísey
Hlein v/Hólabraut
Bréf afhent á fundi hjá félagi eldri borgara

Hrísey, 11. nóvember 2013

**Efni: Hugmyndir sem komu fram á málþingi um framtíð Hríseyjar**

Á haustdögum 2013 kom saman hópur fólks sem sameiginlega hefur mikinn áhuga um stöðu og framtíð Hríseyjar. Hópurinn hefur starfað undir heitinu *Áhugahópur um framtíð Hríseyjar*. Í september var sett af stað opin netkönnun þar sem 146 manns svöruðu ýmsum spurningum um Hrísey. Þann 14. september hélt hópurinn málþing um framtíð Hríseyjar í Íþróttamiðstöðinni þar sem rúmlega 60 manns komu saman og unnu með hugmyndir varðandi nokkra málaflokka. Hópurinn hefur svo að undanförnu unnið úr niðurstöðum könnunarinnar og málþingsins þar sem af nógu er að taka og málefnin mörg. Til að þessi vinna skili sér sem best út í samfélagið ákvað hópurinn að senda niðurstöður til viðkomandi fyrirtækja eða hagsmunaðila því eðlilegast er að þeir aðilar skoði þessi mál og sjái hvort hægt sé að koma til móts við einhverjar tillögur sem fram komu.

Fram kom í niðurstöðum málþingsins að áhugi er fyrir því að efla þjónustu við eldri borgara í tengslum við næringu, heilsu og félagslega þætti. Sú hugmynd kom fram að koma á fót skipulagðri hreyfingu fyrir aldraða undir leiðsögn þjálfara og hefur þegar verið sent bréf til Ungmennafélagsins Narfa þar sem þess er farið á leit við stjórnina að félagið taki að sér útfærslu og framkvæmd á slíkri þjónustu.

Einnig komu fram hugmyndir um að bjóða eldri borgurum að þeir geti komið saman og keypt sér eina heita máltíð á dag, til dæmis í samstarfi við Júllabúð eða mötuneyti Hríseyjarskóla.

Þá kom fram að mikilvægt væri að kynna fyrir eldri borgurum þá þjónustu sem þeir eiga rétt á að fá hjá sveitarfélaginu og var í því sambandi sérstaklega fjallað um heimaþjónustu. Akureyrarbær býður uppá heimaþjónustu fyrir eldri borgara þar sem hægt er að fá aðstoð við almenn heimilisstörf. Markmið þjónustunnar er meðal annars að gera þeim sem nýta þjónustuna kleift að búa sem lengst á eigin heimili við sem eðlilegastar aðstæður.

> **Úr gjaldskrá fyrir heimaþjónustu Akureyrarbæjar:**
> Greitt er fyrir þjónustuna, 1.040 krónur fyrir hverja unna klukkustund en þó er ekki greitt fyrir meira en tvær klukkustundir í viku. Þeir sem eru eingöngu með tekjur frá Tryggingastofnun Ríkisins, þ.e. lífeyri, tekjutryggingu, tekjutryggingarauka og heimilisuppbót eða tekjur sem samsvara þeirri fjárhæð, eiga rétt á að sækja um niðurfellingu á gjaldi.

Gaman væri að fá álit á þessum hugmyndum frá félagi eldri borgara.

Með vinsemd og virðingu
Ingibjörg Þórðardóttir og Hrund Teitsdóttir

Áhugahópur um framtíð Hríseyjar
630 Hrísey

Ferðamálafélag Hríseyjar
630 Hrísey

Hrísey, 11. nóvember 2013

Afrit sent til stjórnar Akureyrarstofu

**Efni: Hugmyndir sem komu fram á málþingi um framtíð Hríseyjar**

Á haustdögum 2013 kom saman hópur fólks sem sameiginlega hefur mikinn áhuga um stöðu og framtíð Hríseyjar. Hópurinn hefur starfað undir heitinu *Áhugahópur um framtíð Hríseyjar*. Í september var sett af stað opin netkönnun þar sem 146 manns svöruðu ýmsum spurningum um Hrísey. Þann 14. september hélt hópurinn málþing um framtíð Hríseyjar í Íþróttamiðstöðinni þar sem rúmlega 60 manns komu saman og unnu með hugmyndir varðandi nokkra málaflokka. Hópurinn hefur svo að undanförnu unnið úr niðurstöðum könnunar og málþings þar sem af nógu er að taka og málefnin mörg. Til að þessi vinna skili sér sem best út í samfélagið ákvað hópurinn að senda niðurstöður til viðkomandi fyrirtækja eða hagsmunaðila því eðlilegast er að þeir aðilar skoði þessi mál og sjái hvort hægt sé að koma til móts við einhverjar tillögur sem fram komu.

Hér að neðan eru þær hugmyndir sem við teljum að Ferðamálafélag Hríseyjar og Akureyrarstofa gætu tekið til skoðunar í skipulagi og uppbyggingu á ferðaþjónustu í Hrísey.

**Markaðssetning, upplýsingamiðlun og merkingar**

Fram kom að markaðssetja þyrfti Hrísey betur og skilgreina hvaða markhópa við erum með og viljum hafa og þarfir þeirra, annars vegar í tengslum við ferðaþjónustu og hins vegar við íbúaþróun. Samfélagsmiðlar voru nefndir sem tæki til markaðssetningar ásamt mikilvægi þess að viðhalda vefsíðu Ferðamálafélagins, hrisey.net, sem öflugri vefsíðu með nauðsynlegum og nytsamlegum upplýsingum. Nefnt var að það þurfi að merkja Hrísey við þjóðveg 1 (Dalvíkurafleggjarann) og sömuleiðis við afleggjara af Ólafsfjarðarvegi að Árskógsströnd, til að auðvelda ferðamönnum að rata til Hríseyjar.

Nefnt var að kynna þyrfti betur allt það sem Hrísey hefur upp á að bjóða, til að mynda hversu góðar samgöngur eru milli lands og eyjar ásamt valkostum varðandi mat og gistingu. Áberandi var sú skoðun að leggja eigi áherslu á að markaðsetja sérstöðu eyjarinnar, ásýnd hennar og hreinleika. Ein hugmynd var að koma á laggirnar vefsíðu með leigumiðlun á öllum gistikosum í Hrísey þar sem einnig væri hægt að bjóða upp á upplýsingar um öll sumarhús sem eru til útleigu í eyjunni. Þetta þarf vissulega að skoða með tilliti til þess hvaða aðilar hafa rekstrarleyfi fyrir gistiþjónustu.

Á málþinginu kom fram að bæta mætti upplýsingamiðlun með upplýsingamiðstöð og að gestir þyrftu að geta leitað upplýsinga einhversstaðar um hvað hægt sé að gera í Hrísey. Þar sem Ferðamálafélagið rekur nú þegar upplýsingamiðstöð er spurning hvort markaðssetja þyrfti hana betur og hafa þar meira áberandi hvaða afþreying er í boði. Jafnvel mætti einnig nýta

upplýsingatöflunar í ferjunni, Júllabúð, Sparisjóðnum og Íþróttamiðstöðinni fyrir þess konar upplýsingar.

**Afþreying**

Á málþinginu kom fram að leggja þyrfti áherslu á að beita öllum ráðum til að fá ferðafólk til að stoppa lengur en á milli ferða. Nefnt var að fjölga þyrfti valkostum fyrir fjölskyldufólk hvað varðar afþreyingu, til að halda þeim markhópi lengur í eyjunni. Þá voru nefndar hugmyndir að ýmiskonar afþreyingu fyrir ferðafólk í Hrísey. Hér að neðan eru þessar hugmyndir dregnar saman, en sumar þeirra teljum við að væri hægt að hrinda strax í framkvæmd með litlum tilkostnaði.

- Bjóða mætti upp á skipulagðar gönguferðir með leiðsögn um eyjuna bæði að vetrarlagi og á sumrin. Til að þetta væri þægilegra þyrfti að bæta göngustíga, merkingu þeirra og jafnvel merkja örnefni í náttúrunni og koma upp skiltum með sögu eyjannar.
- Snjósleðaferðir, gönguskíðaferðir og norðurljósaferðir, eru mögulegar á veturnar og mætti bjóða upp á þannig ferðir undir leiðsögn. Gaman væri að ljúka ferðunum með því að bjóða upp á kakó, hitað yfir eldi.
- Hugmyndir um að bjóða upp á bátsferðir og veiði, bæði á fisk og svartfugl komu fram. Hægt væri að bjóða upp á aðstöðu til að elda afurðina í lok ferðar, t.d. í samstarfi við Brekku.
- Nefnt var að hægt væri að bjóða upp á sögusiglingu kringum eyjuna, hvalaskoðun og fuglaskoðun á sjó. Til er sagan um manninn sem veiddi með aðstoð flugdreka, hægt væri að bjóða upp á þann möguleika til skemmtunar.
- Leiga á hjólum, jetski og kajak væri möguleiki.
- Það kom fram að hægt væri að gera Hrísey að jólabæ og ef til vill tengja það kirkjunni.
- Sú hugmynd kom fram að útbúa einhverskonar nestisaðstöðu með snyrtingu fyrir gesti, sem yrði þá sniðið að þörfum þeirra sem koma í dagsferðir til Hríseyjar.
- Gömlu traktorarnir eru sérstaða í Hrísey og efla mætti þá menningu sem skapast hefur í kringum þá, til dæmis með sýningum og útleigu.
- Á málþinginu komu fram ýmsir punktar um fugla og náttúru. Hugmynd kom fram um fuglasafn eða fuglagarð þar sem rjúpan fengi sérstakt pláss og kynningu, jafnvel rjúpnasetur. Nefnt var að markaðssetja mætti bæði sérhæfðar fuglaskoðunarferðir og sömuleiðis eggjatínslu.
- Fram kom að markaðssetja mætti Íþróttamiðstöðina betur sem ráðstefnahús fyrir minni ráðstefnur, námskeið og hópefli. Einnig að hægt væri að nýta húsið til gistingar fyrir skólahópa. Með þessu móti væri hægt að bjóða upp á afþreyingu fyrir hópinn á meðan dvöld stæði.
- Sú hugmynd kom fram að það mæti breyta Holti í ,,húsið hennar ömmu“ og bjóða upp á heimalagað bakkelsi og fleira sem yrði útbúið á staðnum. Rækta mætti grænmeti í gróðurhúsinu og selja. Með þessu gætu störf skapast. Endurgerð íbúðarinnar í kjallaranum kom fram sem hugmynd og bjóða hana til skammtímaleigu, t.d. fyrir rithöfunda.
- Skipulagðar ferðir í berja- og sveppatínslu mætti auglýsa á haustin og kenna fólki að vinna afurðina á staðnum.

**Heilsutengd ferðaþjónusta**

Ýmsar hugmyndir komu fram á málþinginu sem snéru að uppbyggingu á heilsutengdri ferðaþjónustu, þar sem sérstaða eyjarinnar og hin einstaka orka yrði virkjuð. Leggja mætti áherslu á rólegheitin og tímaleysið sem svo auðvelt er að upplifa. Með heilsutengdri ferðaþjónustu í Hrísey væri hægt að vinna með andleg og líkamleg málefni. Hvað andlegu hliðina snertir nefna nokkrir slökunarnámskeið, jóganámskeið ásamt því að nefna ,,haf og heilsa", sem er áhugavert nafn á verkefni þar sem hægt væri að tvinna nálægðina við hafið saman við uppbyggingu á heilsu. Nokkrir nefndu Hlein sem mögulegt húsnæði fyrir einhverskonar heilsulind eða heilsusetur, og hvort þar væri hægt að byggja upp starfsemi allt árið um kring, þar sem yrði einhverskonar aðhlynning, hjúkrun eða endurhæfing. Sú hugmynd kom fram að bjóða mætti upp á gistingu með ákveðnu þema, mataræði og heilsubót, og að bjóða upp á heilsumat og meðferð á ýmsan hátt fyrir börn og fullorðna.

Með vinsemd og virðingu og von um að með ykkar aðkomu verði einhverjum af þessum góðu hugmyndum gefið líf.

Fyrir hönd Áhugahóps um framtíð Hríseyjar,
Ingibjörg Guðmundsdóttir (ingibjorg@hriseyjarskoli.is)
Ingólfur Sigfússon (ingolfur@hriseyjarskoli.is)

Áhugahópur um framtíð Hríseyjar
630 Hrísey

Júllabúð
630 Hrísey

Hrísey, 25. janúar 2014

**Efni: Niðurstöður málþings um framtíð Hríseyjar**

Á haustdögum 2013 kom saman hópur fólks sem sameiginlega hefur mikinn áhuga um stöðu og framtíð Hríseyjar. Hópurinn hefur starfað undir heitinu *Áhugahópur um framtíð Hríseyjar*. Í september var sett af stað opin netkönnun þar sem 146 manns svöruðu ýmsum spurningum um Hrísey. Þann 14. september hélt hópurinn málþing um framtíð Hríseyjar í Íþróttamiðstöðinni þar sem rúmlega 60 manns komu saman og unnu með hugmyndir varðandi nokkra málaflokka. Hópurinn hefur svo að undanförnu unnið úr niðurstöðum könnunar og málþings þar sem af nógu er að taka og málefnin mörg. Til að þessi vinna skili sér sem best út í samfélagið ákvað hópurinn að senda niðurstöður til viðkomandi fyrirtækja eða hagsmunaðila því eðlilegast er að þeir aðilar skoði þessi mál og sjái hvort hægt sé að koma til móts við einhverjar tillögur sem fram komu.

Nokkrar hugmyndir að bættri þjónustu Júllabúðar komu fram á Málþinginu. Margsinnis kom fram sú hugmynd að Júllabúð bjóði upp á "leigubíl" til að flytja fólk og farangur til og frá ferju. Hugmyndin var tvíþætt, annars vegar að auka þjónustu við heimamenn, sumarbústaða-eigendur og ferðamenn og hins vegar sem leið til að fækka bílum í Hrísey.

Fleiri hugmyndir sem komu fram, á málþingi og könnun:

- Það væri ágætt að geta fylgst með birgðastöðu í Júllabúð áður en verslað er annars staðar. Maður vill versla í Júllabúð en eðlilega getur maður ekki alltaf séð fyrir hvað er til i verslun af þeirri stærðargráðu sem hún er í dag. Það væri kostur að geta pantað vörur hjá Júlla og þær klárar þegar ég kem í eyjuna.
- Áfengisverslun í tengslum við rekstur Júllabúðar, skýtur styrkari stoðum undir rekstur Júllabúðar og samfélagið í heild.
- Það væri gott ef þjónusta frá apóteki væri möguleiki, eins og var. Mögulega þá í samstarfi við Júllabúð.

Í könnuninni var spurt um mikilvægi þess að hafa verslun í Hrísey og voru niðurstöðurnar einhljóða:




| | | |
|---|---|---|
| 1 | **2** | 1% |
| 2 | **1** | 1% |
| 3 | **4** | 3% |
| 4 | **13** | 9% |
| 5 | **126** | 86% |

Til að þessi vinna skili sér sem best út í samfélagið ákvað hópurinn að senda niðurstöður til viðkomandi fyrirtækja eða hagsmuna aðila því eðlilegast er að þeir aðilar skoði þessi mál og sjái hvort hægt sé að koma til móts við einhverjar tillögur sem fram komu.

f.h. Áhugahóps um framtíð Hríseyjar
Þröstur Jóhannesson
Ingólfur Sigfússon

Áhugahópur um framtíð Hríseyjar
630 Hrísey

Eyþing
Nefnd um almenningssamgöngur
Strandgötu 29
600 Akureyri

Hrísey, 27. janúar 2014

Afrit sent á Samgöngustofu og Vegagerðina

**Efni: Niðurstöður málþings um framtíð Hríseyjar**

Á haustdögum 2013 kom saman hópur fólks sem sameiginlega hefur mikinn áhuga á stöðu og framtíð Hríseyjar. Hópurinn hefur starfað undir heitinu Áhugahópur um framtíð Hríseyjar. Í september var sett af stað opin netkönnun þar sem 146 manns svöruðu ýmsum spurningum um Hrísey. Þann 14. september hélt hópurinn málþing um framtíð Hríseyjar í Íþróttamiðstöðinni þar sem rúmlega 60 manns komu saman og unnu með hugmyndir varðandi nokkra málaflokka. Hópurinn hefur svo að undanförnu unnið úr niðurstöðum könnunarinnar og málþingsins þar sem af nógu er að taka og málefnin mörg.

Töluvert var rætt um samgöngur í tengslum við áætlun Hríseyjarferjunnar Sævars og tengingu við áætlun Strætó. Í dag er staðan þannig að engin rúta frá Strætó fer niður á Árskógssand. Bíllinn stoppar á afleggjaranum við Ólafsfjarðarveg og eru um 2 kílómetrar í ferjuna. Það er álit manna að til að efla búsetuskilyrði og ferðaþjónustu í eyjunni sé mikil þörf á að bæta þessar almenningssamgöngur.

Hér á eftir eru nokkrir punktar sem fram komu á málþinginu og í könnuninni:

1. Tengja/samræma ferðir strætó og ferju, það er ekki eðlilegt að almenningssamgöngur á vegum hins opinbera passi ekki betur saman, bæði er varðar áætlun og eins að strætó skuli ekki aka þennan stutta spotta sem er frá aðalvegi niður að höfn. Það munar ekki nema 2 km í akstri eða 3 mín hvor leið, en tekur um 20 mín að labba.

2. Tengja þarf eyjuna betur við atvinnusvæðið þannig að samgöngur séu sem allra minnst hamlandi þeim sem sækja vinnu utan eyjunnar og gerir þeim sem ekki eiga bíl kleift að búa í eyjunni. Að boðið sé upp á samræmdar ferðir a.m.k. tvisvar á dag, morgun og seinni part þannig að hægt væri að sinna t.d. vinnu, skóla og tómstundum á daginn.

3. Margir nefndu að það skorti viðunandi aðstöðu fyrir farþega við höfnina, biðskýli sem verndar farþega fyrir vindi og úrkomu.

Til að þessi vinna skili sér sem best út í samfélagið ákvað hópurinn að senda niðurstöður til viðkomandi fyrirtækja eða hagsmuna aðila því eðlilegast er að þeir aðilar skoði þessi mál og sjái hvort hægt sé að koma til móts við einhverjar tillögur sem fram komu. Hópurinn óskar eftir samstarfi við þá sem koma að útboðum og skipulagningu sérleyfis.

Meðfylgjandi eru núverandi áætlanir Hríseyjarferjunnar Sævars og Strætó.

Með vinsemd og virðingu og von um jákvæð viðbrögð.

f.h. Áhugahóps um framtíð Hríseyjar.
Guðrún Þorbjarnardóttir (midbraut@simnet.is)
Linda María Ásgeirsdóttir (lindamar@internet.is)

**Hér má sjá núgildandi áætlanir Strætó og Hríseyjarferjunnar Sævars.**

## Leið 78: Akureyri – Siglufjörður – Akureyri

**Mánudag - föstudag**

| | ↓ | | | ↑ | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Akureyri Airport | 08.10 | | | 08.02 | | |
| Akureyri | 08.15 | 13.15 | 16.30 | 07.57 | 10.41 | 16.11 |
| **Litli Árskógs.(ferja Hrísey)** | **08.45** | **13.45** | **17.00** | **07.21** | **10.11** | **15.41** |
| Dalvík (ferja Grímsey) | 08.56 | 13.50 | 17.11 | 07.10 | 10.00 | 15.30 |
| Ólafsfjörður | 09.10 | 14.11 | 17.25 | 06.56 | 09.46 | 15.16 |
| Siglufjörður | 09.25 | 14.26 | 17.41 | 06.40 | 09.30 | 15.00 |

**Laug.**

Enginn strætó

**Sunnudaga & rauðir dagar**

| | ↓ | ↑ |
|---|---|---|
| Akureyri Airport | - | - |
| Akureyri | 15.40 | 15.13 |
| **Litil Árskógs (Hrísey)** | **16.10** | **14.43** |
| Dalvík (ferja Grímsey) | 16.21 | 14.32 |
| Ólafsfjörður | 16.35 | 14.18 |
| Siglufjörður | 16.51 | 14.02 |

Gildir 1. nóvember – 28. febrúar

| **Frá Hrísey:** | **Frá Árskógssandi:** |
|---|---|
| 07.00 | 07.20 |
| 09.00 | 09.30 |
| 11.00 | 11.30 |
| 13.00 | 13.30 |
| 16.00 | 16.30 |
| 19.00 | 19.30 |
| 21.00 | 21.30 |

Gildir 1. mars – 31. október

| **Frá Hrísey:** | **Frá Árskógssandi** |
|---|---|
| 07.00 | 07.20 |
| 09.00 | 09.30 |
| 11.00 | 11.30 |
| 13.00 | 13.30 |
| 15.00 | 15.30 |
| 17.00 | 17.30 |
| 19.00 | 19.30 |
| 21.00 | 21.30 |
| 23.00 | 23.30 |

Áhugahópur um framtíð Hríseyjar
630 Hrísey

Hríseyjarskóli
630 Hrísey

Afrit sent á skóladeild Akureyrarbæjar

Hrísey, 28. janúar 2014

**Efni: Niðurstöður málþings um framtíð Hríseyjar**

Á haustdögum 2013 kom saman hópur fólks sem sameiginlega hefur mikinn áhuga á stöðu og framtíð Hríseyjar. Hópurinn hefur starfað undir heitinu *Áhugahópur um framtíð Hríseyjar*. Í september var sett af stað opin netkönnun þar sem 146 manns svöruðu ýmsum spurningum um Hrísey. Þann 14. september hélt hópurinn málþing um framtíð Hríseyjar í Íþróttamiðstöðinni þar sem rúmlega 60 manns komu saman og unnu með hugmyndir varðandi nokkra málaflokka. Hópurinn hefur svo að undanförnu unnið úr niðurstöðum könnunar og málþings þar sem af nógu er að taka og málefnin mörg. Til að þessi vinna skili sér sem best út í samfélagið ákvað hópurinn að senda niðurstöður til viðkomandi fyrirtækja eða hagsmunaðila því eðlilegast er að þeir aðilar skoði þessi mál og sjái hvort hægt sé að koma til móts við einhverjar tillögur sem fram komu.

Niðurstöður Málþingsins varðandi Hríseyjarskóla voru fjölbreyttar. Kom fram að Hríseyjarskóli mætti vinna betur að því að kynna skólann og stefnumörkun hans og sýna fram á að þetta sé góður skóli þar sem hver og einn einstaklingur fær að njóta sín. Skólinn mætti nýta sér fámennið betur, starfa sem ein heild (grunn- og leikskóli) og tvinnast betur inn í nærsamfélagið. Einnig var minnst á að efla mætti umhverfisvitund og náttúrufræðikennslu í skólastarfinu með tengingu við heimabyggð og náttúrulíf Hríseyjar.
Það kom fram hugmynd um hvort bjóða mætti eldri borgurum Hríseyjar að borða í mötuneyti Hríseyjarskóla. Síðast en ekki síst kom fram að Hríseyjarskóli væri góður skóli og að þar sé jákvæður skólabragur.

Verið er að skoða afgreiðslutíma Íþróttamiðstöðvarinnar í samstarfi við íþróttaráð og forstöðumann sundlaugarinnar. Það kom fram á málþinginu og í könnunninni að fólk væri almennt ekki ánægt með opnunartíma yfir vetrarmánuðina. Mikilvægt er að vita hvort skólinn væri tilbúinn í samningaviðræður um að sníða stundatöflu skólans fyrir sund og íþróttir næsta vetrar að opnunartíma ef einhverjar breytingar verða gerðar.

Áhugahópurinn er tilbúinn að setjast niður með stjórnendum Hríseyjarskóla og ræða málin frekar ef áhugi er fyrir hendi.

Með vinsemd og virðingu.
F.h. hópsins: Guðrún Þorbjarnardóttir (midbraut@simnet.is)
og Linda María Ásgeirsdóttir (lindamar@internet.is)

Áhugahópur um framtíð Hríseyjar
630 Hrísey

Útgerðarfélagið Hvammur
630 Hrísey

Hrísey, 15. febrúar 2014

**Efni: Niðurstöður málþings um framtíð Hríseyjar**

Á haustdögum 2013 kom saman hópur fólks sem sameiginlega hefur mikinn áhuga um stöðu og framtíð Hríseyjar. Hópurinn hefur starfað undir heitinu *Áhugahópur um framtíð Hríseyjar*. Í september var sett af stað opin netkönnun þar sem 146 manns svöruðu ýmsum spurningum um Hrísey. Þann 14. september hélt hópurinn málþing um framtíð Hríseyjar í Íþróttamiðstöðinni þar sem rúmlega 60 manns komu saman og unnu með hugmyndir varðandi nokkra málaflokka. Hópurinn hefur svo að undanförnu unnið úr niðurstöðum könnunar og málþings þar sem af nógu er að taka og málefnin mörg. Til að þessi vinna skili sér sem best út í samfélagið ákvað hópurinn að senda niðurstöður til viðkomandi fyrirtækja eða hagsmunaðila því eðlilegast er að þeir aðilar skoði þessi mál og sjái hvort hægt sé að koma til móts við einhverjar tillögur sem fram komu.

Ýmsar hugmyndir komu fram um sjávarútveg og aukna vinnslu á sjávarafurðum. Fyrst ber að nefna að ítrekað var rætt um að auka byggðakvóta og að styrkja Hvamm í þeirri vinnu sem þar fer fram nú þegar. Einnig komu fram hugmyndir um að reyna að fjölga störfum og fá inn fjölbreyttari atvinnu við sjávarútveg. Þá kom fram hugmynd um að efla útgerðina með kaupum á stórum bát og fá með honum byggðakvóta. Þá kom einnig fram hugmynd um að nýta rækjumiðin beint fyrir utan Eyjafjörð og selja þær á innanlandsmarkaði. Þá var rætt um að efla smábátaveiði og hefja hér bláskeljaræktun, humar og rækjuvinnslu, kúfiskveiðar og vinnslu.
Að lokum komu fram hugmyndir um fullvinnslu á sjávarafurðum t.d. fiskibollur eða plokkfisk og að Hvammur myndi þannig geta aukið umsvif sín. Hugmyndir um að framleiða sérhæfðar sjávarafurðir frá Hrísey t.d. sem notuð væri hvönn í. Að lokum kom fram hugmynd um saltvinnslu úr sjó.

Til að þessi vinna skili sér sem best út í samfélagið ákvað hópurinn að senda niðurstöður til viðkomandi fyrirtækja eða hagsmuna aðila því eðlilegast er að þeir aðilar skoði þessi mál og sjái hvort hægt sé að koma til móts við einhverjar tillögur sem fram komu.

f.h. Áhugahóps um framtíð Hríseyjar

Ingibjörg Þórðardóttir
Júlíus Freyr Theodórsson

Áhugahópur um framtíð Hríseyjar
630 Hrísey

Hrísiðn
bt. Bjarni Thorarensen
630 Hrísey

Hrísey, 20. febrúar 2014

**Efni: Niðurstöður málþings um framtíð Hríseyjar.**

Á haustdögum 2013 kom saman hópur fólks sem sameiginlega hefur mikinn áhuga á stöðu og framtíð Hríseyjar. Hópurinn hefur starfað undir heitinu Áhugahópur um framtíð Hríseyjar. Í september var sett af stað opin netkönnun þar sem 146 manns svöruðu ýmsum spurningum um Hrísey. Þann 14. september hélt hópurinn málþing um framtíð Hríseyjar í Íþróttamiðstöðinni þar sem rúmlega 60 manns komu saman og unnu með hugmyndir varðandi nokkra málaflokka. Hópurinn hefur svo að undanförnu unnið úr niðurstöðum könnunarinnar og málþingsins þar sem af nógu er að taka og málefnin mörg.

Nafn Hrísiðnar kom ítrekað fram á málþinginu og mikill áhugi var á því sem þar er verið að gera. Ýmsar hugmyndir komu upp varðandi smáiðnað og mikið var rætt um að styrkja hann til dæmis með því að styðja betur við hvannarvinnsluna og efla enn frekar framleiðslu á heilsuvörum unnum úr gróðri eyjarinnar og markaðssetja þær betur. Halda ætti áfram að þróa vörur sem eru sérstakar fyrir Hrísey svo sem sápur, krem, minjagripi og amboð. Þá voru hugmyndir um að búa til hvannarrótar brennivín og lúpínuseyði.

Einnig komu fram hugmyndir um að fara í lyfjaframleiðslu úr náttúruafurðum eyjarinnar. Nýta þyrfti betur tækifærin sem eru til staðar. Í öllu þessu samhengi þarf að nýta áhuga og uppbyggingu Hríseyinga á vistvænum og lífrænum lífsstíl. Það er margt hægt að gera en fyrst og fremst vantar samvinnu og áhuga þeirra sem þar búa.

Til að þessi vinna skili sér sem best út í samfélagið ákvað hópurinn að senda niðurstöður til viðkomandi fyrirtækja eða hagsmuna aðila því eðlilegast er að þeir aðilar skoði þessi mál og sjái hvort hægt sé að koma til móts við einhverjar tillögur sem fram komu.

Með vinsemd og virðingu.
f.h. Áhugahóps um framtíð Hríseyjar.

Guðrún Þorbjarnardóttir (midbraut@simnet.is)
Linda María Ásgeirsdóttir (lindamar@internet.is)

Áhugahópur um framtíð Hríseyjar
630 Hrísey

Vegagerðin
Borgartúni 5-7,
105 Reykjavík.

Afrit sent á Samgöngustofu og Eyþing. Hrísey, 24. febrúar 2014

**Efni: Niðurstöður málþings um framtíð Hríseyjar.**

Á haustdögum 2013 kom saman hópur fólks sem sameiginlega hefur mikinn áhuga á stöðu og framtíð Hríseyjar. Hópurinn hefur starfað undir heitinu Áhugahópur um framtíð Hríseyjar. Í september var sett af stað opin netkönnun þar sem 146 manns svöruðu ýmsum spurningum um Hrísey. Þann 14. september hélt hópurinn málþing um framtíð Hríseyjar í Íþróttamiðstöðinni þar sem rúmlega 60 manns komu saman og unnu með hugmyndir varðandi nokkra málaflokka. Hópurinn hefur svo að undanförnu unnið úr niðurstöðum könnunarinnar og málþingsins þar sem af nógu er að taka og málefnin mörg.

Töluvert var rætt um samgöngur í tengslum við áætlun Hríseyjarferjunnar Sævars og tengingu við áætlun Strætó. Í dag er staðan þannig að engin rúta frá Strætó fer niður á Árskógssand. Bíllinn stoppar á afleggjaranum við Ólafsfjarðarveg og eru um 2 kílómetrar í ferjuna. Það er álit manna að til að efla búsetuskilyrði og ferðaþjónustu í eyjunni sé mikil þörf á að bæta þessar almenningssamgöngur.

Hér á eftir eru nokkrir punktar sem fram komu á málþinginu og í könnuninni:

1. Tengja/samræma ferðir strætó og ferju, það er ekki eðlilegt að almenningssamgöngur á vegum hins opinbera passi ekki betur saman, bæði er varðar áætlun og eins að strætó skuli ekki aka þennan stutta spotta sem er frá aðalvegi niður að höfn. Það munar ekki nema 2 km í akstri eða 3 mín hvor leið, en tekur um 20 mín að labba.

2. Tengja þarf eyjuna betur við atvinnusvæðið þannig að samgöngur séu sem allra minnst hamlandi þeim sem sækja vinnu utan eyjunnar og gerir þeim sem ekki eiga bíl kleift að búa í eyjunni. Að boðið sé upp á samræmdar ferðir a.m.k. tvisvar á dag, morgun og seinni part þannig að hægt væri að sinna t.d. vinnu, skóla og tómstundum á daginn.

3. Margir nefndu að það skorti viðunandi aðstöðu fyrir farþega við höfnina, biðskýli sem verndar farþega fyrir vindi og úrkomu. Einnig var nefnt að merkja betur Hrísey við þjóðveg 1 (Dalvíkurafleggjarann) og sömuleiðis við afleggjara af Ólafsfjarðarvegi að Árskógsströnd, til að auðvelda ferðamönnum að rata til Hríseyjar.

Til að þessi vinna skili sér sem best út í samfélagið ákvað hópurinn að senda niðurstöður til viðkomandi fyrirtækja eða hagsmuna aðila því eðlilegast er að þeir aðilar skoði þessi mál og sjái hvort hægt sé að koma til móts við einhverjar tillögur sem fram komu. Hópurinn óskar eftir

samstarfi við þá sem koma að útboðum og skipulagningu sérleyfis og annast upplýsingaskilti við þjóðveginn.

Meðfylgjandi eru núverandi áætlanir Hríseyjarferjunnar Sævars og Strætó.

Með vinsemd og virðingu og von um jákvæð viðbrögð.

f.h. Áhugahóps um framtíð Hríseyjar.
Guðrún Þorbjarnardóttir (midbraut@simnet.is)
Linda María Ásgeirsdóttir (lindamar@internet.is)

# Hrísey - könnun

Þessi könnun er unnin af áhugahóp um framtíð Hríseyjar haustið 2013. Tilgangur hennar er að kanna afstöðu íbúa, og annarra sem bera hag Hríseyjar fyrir brjósti, til ýmissa málefna sem geta skipt máli fyrir byggð eyjarinnar. Könnunin er nafnlaus og ekki hægt að rekja svör til einstakra svarenda.
Könnun, eins og þessi, getur gefið mikilvægar upplýsingar um það hvað má betur fara svo að öllum líði vel í eynni og verið gagnlegt vinnutæki til að byggja upp atvinnulíf og þjónustu sem hentar þeirri byggð sem við höfum hér í Hrísey. Því biðjum við þig um að vanda svör þín og svara eins mörgum spurningum og þú hefur tök á. Unnið verður úr þeim upplýsingum sem könnunin gefur og niðurstöður skoðaðar með það fyrir augum að byggja góð búsetuskilyrði í Hrísey á eins víðtækan hátt og unnt er.

Með góðri kveðju
Áhugahópur um framtíð Hríseyjar

* Required

## Almennt

**Kyn** *

- Karl
- Kona

**Aldur** *

- Undir 20
- 20-29 ára
- 30-39 ára
- 40-49 ára
- 50-59 ára
- 60-69 ára
- 70 ára eða eldri

**Núverandi búseta þín** *

- Hrísey
- Norðurland - en ekki í Hrísey
- Vesturland
- Suðurland
- Austurland
- Höfuðborgarsvæðið
- Bý erlendis

**Áttu börn?** *

- Já
- Nei

**- ef þú átt börn, hversu mörg þeirra eru undir 16 ára aldri?**

## Að búa í Hrísey

**Gætir þú hugsað þér að búa í Hrísey?** *

- Já
- Kannski
- Nei
- Bý þar nú þegar

**- ef nei, af hverju ekki?**

**Hvað telur þú að hægt væri að gera til þess að fleiri kjósi að flytja til Hríseyjar?**

**Eitthvað sem þú vilt við þetta bæta?**

## Samgöngur

**Hvaða áhrif telur þú samgöngur hafa á vilja fólks til að búa í Hrísey?**
Á skalanum 1 til 5

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítil | ○ | ○ | ○ | ○ | ○ | Mikil |

**Hversu mikilvægar eru tíðar siglingar ferjunnar?**
Á skalanum 1 til 5

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | ○ | ○ | ○ | ○ | ○ | Mikið |

**Hve mikilvægt er að það gangi strætó sem tengist ferjuferðum?**
Á skalanum 1 til 5

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | ○ | ○ | ○ | ○ | ○ | Mikið |

**Er eitthvað varðandi samgöngur sem þú telur að þurfi að bæta til að auðvelda byggð í Hrísey?**

## Þjónusta

Á skalanum frá 1 til 5, hversu mikilvæg finnst þér eftirtalin þjónusta vera fyrir búsetuskilyrði í Hrísey:

**Að í Hrísey er leikskóli**

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekki mikilvægt | ◯ | ◯ | ◯ | ◯ | ◯ | Mjög mikilvægt |

**Að í Hrísey er grunnskóli**
Fyrir nemendur í 1.-10. bekk

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekki mikilvægt | ◯ | ◯ | ◯ | ◯ | ◯ | Mjög mikilvægt |

**Að í Hrísey muni verða komið á fót aðstaða fyrir fjarnema og fólk sem stundar fjarvinnu**

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekki mikilvægt | ◯ | ◯ | ◯ | ◯ | ◯ | Mjög mikilvægt |

**Að í Hrísey er verslun**
Júllabúð

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekki mikilvægt | ◯ | ◯ | ◯ | ◯ | ◯ | Mjög mikilvægt |

**Að í Hrísey er veitingastaður**
Brekka

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekki mikilvægt | ◯ | ◯ | ◯ | ◯ | ◯ | Mjög mikilvægt |

**Að í Hrísey er útibú Sparisjóðsins**
Einnig hraðbanki

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekki mikilvægt | ◯ | ◯ | ◯ | ◯ | ◯ | Mjög mikilvægt |

**Að í Hrísey er póstafgreiðsla**
og póstur borinn út í hús

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekki mikilvægt | ○ | ○ | ○ | ○ | ○ | Mjög mikilvægt |

**Að í Hrísey er bæjarskrifstofa**

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekki mikilvægt | ○ | ○ | ○ | ○ | ○ | Mjög mikilvægt |

**Að í Hrísey er almenningsbókasafn**

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekki mikilvægt | ○ | ○ | ○ | ○ | ○ | Mjög mikilvægt |

**Að læknir muni koma aftur í Hrísey**

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekki mikilvægt | ○ | ○ | ○ | ○ | ○ | Mjög mikilvægt |

**Að í Hrísey sé starfrækt sundlaug og íþróttahús**

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekki mikilvægt | ○ | ○ | ○ | ○ | ○ | Mjög mikilvægt |

**Hversu ánægð/ur ert þú með núverandi opnunartíma Íþróttamiðstöðvar í Hrísey?**

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Mjög óánægð/ur | ○ | ○ | ○ | ○ | ○ | Mjög ánægð/ur |

**Viltu bæta einhverju við um núverandi þjónustu?**

**Er einhver þjónusta sem þú telur nauðsynlega vanta sem þú telur mikilvæga fyrir byggð í Hrísey?**

## Atvinnumál

**Við hvaða atvinnugrein starfar þú?** *

- Vinn við framleiðslu
- Vinn við verslun og þjónustu
- Vinn við upplýsingatækni og fjarskipti
- Vinn við fjármála- og vátryggingastarfsemi
- Vinn í opinberri stjórnsýslu
- Vinn við fræðslu og menntun
- Vinn í sjávarútvegi
- Vinn í landbúnaði
- Vinn við heilbrigðis- og/eða umönnunarþjónustu
- Hef ekki atvinnu
- Er nemi
- Er heimavinnandi
- Er öryrki
- Er ellilífeyrisþegi
- Other:

**Ef atvinnugrein þín var ekki í listanum geturðu skrifað hana hér**

**Á hvaða sviði telur þú að hægt væri að efla atvinnumál í Hrísey?**

Submit